



Skólaskýrsla

Skólaárið 2023 - 2024



Efnisyfirlit

Efnisyfirlit	3
1 Inngangur	6
2 Tölulegar upplýsingar	6
3 Námsframboð	8
4 Innra starf	9
5 Skólastarf	11
5.1 Valfög fyrir grunnskólanemendur	11
5.2 Nýtt námsframboð og samkomulag við Keili	11
5.3 Stofnun ársins	11
5.4 Tilraunaverkefni með bekkjakerfi	12
5.5 Samningur um viðbyggingu	12
5.6 Áhrif jarðhæringa í Grindavík	12
5.7 Gjafir og styrkir	13
5.8 Ferðalög og heimsóknir	14
6 Viðburðir á skólaárinu	19
6.1 Móttaka nýnema	19
6.2 Kynningarfundur fyrir foreldra nýnema	19
6.3 Stórleikur í körfubolta	19
6.4 Forvarnardagur	19
6.5 Erindi um stafrænt ofbeldi	20
6.6 Kvennaverkfall	20
6.7 Uppbrotsdagur	21
6.8 Meistaradagur	21
6.9 Forvarnardagur ungra ökumanna	22
6.10 Starfshlaup	22
6.11 Sýning á myndbandinu #MeToo bylting framhaldsskólanna	23
6.12 Hæfileikakeppni starfsbrauta	23
6.13 Opið hús - námskynning	23
6.14 Dimmisio	24
7 Skýrsla námstjóra	25

7.1	Starfið veturinn 2023-2024	25
7.1.1	Fundir á skólaárinu	25
7.1.2	Vettvangsferðir og heimsóknir	26
7.1.3	Kaup á kennslubúnaði	28
7.1.4	Styrkir og gjafir	28
7.2	Kennsla, úttekt áfanga, símenntun og annað	29
7.2.1	Einyrkjar.....	29
7.2.2	Erlend tungumál	32
7.2.3	Húsasmíði	36
7.2.4	Íslenska	38
7.2.5	Íslenska fyrir erlenda nemendur	42
7.2.6	Íþróttir	45
7.2.7	Listir	47
7.2.8	Málm- og vélstjórnargreinar	49
7.2.9	Rafvirkjun.....	51
7.2.10	Raungreinar	54
7.2.11	Samfélagsgreinar	57
7.2.12	Starfsbraut.....	62
7.2.13	Stærðfræði.....	66
7.2.14	Tölvufræðigreinar	68
7.3	Lokaorð.....	71
8	Skýrsla bókasafns.....	72
8.1	Um safnið.....	72
8.2	Skólaárið 2023-2024.....	72
8.3	Aðföng og safnkostur	72
8.4	Útlán	73
8.5	Erasmus+ ferð til Stokkhólms	73
9	Skýrsla námsráðgjafa	74
9.1	Inngangur.....	74
9.2	Verkaskipting námsráðgjafa	74
9.3	Viðtöl	75
9.4	Námsstuðningur	75
9.5	Bekkjakerfi - fornám	77
9.6	Starfsbraut	77
9.7	Farsæld	77

9.8 Foreldrasamstarf	77
9.9 Námskeið og fagfundir	77
9.10 Fundir innan skólans.....	78
9.11 Námskynningar.....	78
9.12 Töflubreytingar og fleiri störf	78
10 Skýrsla félagsráðgjafa.....	79
10.1 Inngangur.....	79
10.2 Skipulag þjónustu	79
10.3 Lykiltölur	80
10.4 Samantekt.....	84
11 Skýrsla alþjóðafulltrúa.....	85
11.1 Inngangur.....	85
11.2 Haustönn	85
11.3 Vorönn	86
12 Skýrsla matsnefndar.....	89
12.1 Inngangur.....	89
12.2 Kennslumat.....	89
12.3 Viðhorfskönnun meðal nemenda.....	90
12.4 Mat á einkunnadreifingu og brotthvarfi í áföngum	93
12.5 Mat á bekkjakerfi.....	93
12.6 Stofnun ársins.....	94
12.7 Lokaorð.....	94
13 Skýrsla forvarnafulltrúa.....	95
13.1 Störf tengd skemmtunum og viðburðum NFS.....	95
13.2 Forvarnir gegn áfengis- og vímuefnanotkun	96
13.3 Samtakahópurinn	96
13.4 Forvarnir í framhaldsskólum	96
13.5 Viðtalstími.....	96
13.6 Forvarnardagur.....	96
14 Skýrsla félagslífsfulltrúa.....	97
14.1 Inngangur.....	97
14.2 Skólaárið 2023-2024.....	97

1 Inngangur

Í eftirfarandi skýrslu er farið yfir skólaárið 2023-2024 í Fjölbrautaskóla Suðurnesja. Tilgreindar eru tölulegar upplýsingar og meðal annars fjallað um kennslu, innra starf, skólastarf og ýmsa viðburði á skólaárinu. Í skólaskýrslunni eru einnig skýrslur námstjóra, bókasafns, námsráðgjafa, félagsráðgjafa, alþjóðafulltrúa, matsnefndar, forvarnafulltrúa og félagslífsfulltrúa.

2 Tölulegar upplýsingar

Haustönn

Skólastarf hófst 16. ágúst þegar nýnemar voru boðaðir á nýnemadag. Tilgangurinn með deginum er fyrst og fremst að gera yngstu nemendum skólans auðveldara að takast á við nám í nýjum skóla. Hefðbundin kennsla hófst föstudaginn 18. ágúst. Nemendur sem hófu nám í dagskóla voru um 1000 og um 80 í námi síðdegis. Auk þess stunduðu rúmlega 130 nemendur úr 9. og 10. bekkjum grunnskóla á svæðinu nám við skólann í einstaka valáföngum. Starfsmenn skólans voru 94 á önninni; 67 kennarar, námsráðgjafar og stjórnendur, 5 stundakennarar og 22 aðrir starfsmenn. Verktakafyrirtæki sá um ræstingu.

Alltaf verða einhverjar breytingar á starfsmannahópnum og um haustið bættist nokkur fjöldi starfsmanna við. Nýir starfsmenn voru þau Erla Karlsdóttir, Guðbjörg Rúna Vilhjálmsdóttir Woods, Helena Rut Borgarsdóttir, Jóhannes Gylfi Ólafsson, Karl Kristinn Þórhallsson, Natalía Mist Jónsdóttir, Rakel Ósk Eiríksdóttir, Þórdís Sveinsdóttir og Þórhildur Loftsdóttir. Þegar skammt var liðið á önnina þurfti Erla að hætta vegna veikinda og var Sveinn Ólafur Magnússon ráðinn í hennar stað. Auk þess voru nokkrir stundakennarar á önninni. Guðrún Jóna Magnúsdóttir og Ægir Karl Ægisson voru í leyfi en Anna Karlsdóttir Taylor, Jón Gunnar Schram og Hlynur Ómar Svavarsson sneru aftur eftir leyfi. Guðmundur Grétar Karlsson leysti Ægi Karl af sem áfangastjóri og Katrín Sigurðardóttir leysti Guðmund af sem námstjóri.

Brautskráning haustannar fór fram miðvikudaginn 20. desember. Veturinn minnti vel á sig þennan dag og ekki má gleyma að athöfnin fór fram á meðan eldgos stóð yfir í nágrenninu. Útskriftarnemendur og fjölskyldur þeirra létu það ekki á sig fá og fögnuðu áfanganum saman. Að þessu sinni útskrifuðust 38 nemendur; 33 stúdentar, 5 úr verknámi og 6 úr starfsnámi. Þess má geta að sumir luku prófi af fleiri en einni braut. Karlar voru 23 en konur 15. Alls komu 24 úr Reykjanesbæ, 9 úr Suðurnesjabæ, 3 úr Grindavík, einn úr Hafnarfirði og einn úr Reykjavík.

Vorönn

Skólastarf hófst 3. janúar með stundatöfluaafhendingu en kennsla hófst 4. janúar. Rúmlega 900 nemendur voru í dagskóla og á þriðja tug í síðdegisnámi en auk þess stunduðu um 90 grunnskólanemendur nám í einstökum áföngum. Starfsmenn á vorönninni voru 92; 67 kennarar, námsráðgjafar og stjórnendur, 6 stundakennarar og 19 aðrir starfsmenn. Verktakafyrirtæki sá um ræstingu.

Fjórir nýir starfsmenn bættust í hópinn í upphafi vorannar, Páll Reykdal Jóhannesson kennari í mál- og vélstjórnargreinum og stuðningsfulltrúarnir Árdís Sif Guðjónsdóttir, Árný Alda Ásgeirsdóttir og Sandra Mjöll Ólafsdóttir.

Brautskráning vorannar fór fram á sal skólans föstudaginn 24. maí. Veðrið hefði getað verið betra þennan dag en gul veðurviðvörðun var í gildi. En þó úti væri veður vont var eintóm gleði og hlýja innandyrna enda er þessi dagur alltaf mikill hátíðisdagur fyrir útskriftarnemendur og fjölskyldur þeirra og ekki síður fyrir starfsfólk skólans. Að þessu sinni útskrifuðust 118 nemendur; 81 stúdent, 20 luku verknámi, 5 útskrifuðust af sjúkraliðabraut, 10 af starfsbrautum og tveir af framhaldsskólabraut. Karlar voru 61 en konur 57. Alls komu 85 úr Reykjanesbæ, 16 úr Suðurnesjabæ, 8 úr Grindavík, 4 úr Vogum og einn úr Reykjavík, Garðabæ, Búðardal og Selfossi auk skiptinema frá Belgíu.



Hópmýndataka á útskrift vorannar.

3 Námsframboð

Skólinn hefur lagt áherslu á að bjóða upp á fjölbreytt bóknám, verknám og starfsnám. Markmiðið er að mæta þörfum svæðisins varðandi nám á framhaldsskólastigi.

Á haustönn 2023 var farið af stað með námsbraut í pípulögnum sem var kennd síðdegis. Iðnmeistaranám fór einnig af stað eftir nokkuð hlé en það var einnig kennt síðdegis. Þetta nám er fyrir þá sem hafa lokið sveinsprófi í iðngrein og gefur aukin réttindi.

STÚDENTSBRAUTIR

Félagsvísindabraut
Fjölgreinabraut
Íþrótt- og lýðheilsubraut
Listnámsbraut - myndlistarlína
Listnámsbraut - tónlistarlína
Raunvísindabraut
Tölvufræðibraut
Viðskipta- og hagfræðibraut
Stúdentspróf af starfs- og verknámsbrautum

FRAMHALDSSKÓLABRAUTIR

Framhaldsskólabraut - Bláa hagkerfið
Framhaldsskólabraut - Bóknámslína
Framhaldsskólabraut - Flugvirkjalína
Framhaldsskólabraut - Fornámslína
Framhaldsskólabraut - Íþrótt- og lýðheilsulína
Framhaldsskólabraut - Listnámslína, myndlist
Framhaldsskólabraut - Listnámslína, textíl
Framhaldsskólabraut - Tölvulína
Framhaldsskólabraut - Tölvuþjónustulína
Framhaldsskólabraut - Verknámslína

STARFS- OG VERKNÁMSBRAUTIR

Grunndeild málm- og véltæknigreina
Grunndeild matvæla- og ferðagreina
Hársnyrtiiðn
Húsasmíðabraut
Pípulagnabraut
Rafvirkjabraut
Sjúkraliðabraut
Sjúkraliðabrá
Vélstjórn

MEISTARASKÓLI

Iðnmeistaranám

STARFSBRAUT

Starfsbraut
Framhaldsskólabraut - Starfsbraut

ERLENDIR NEMENDUR

Námsbraut fyrir erlenda nemendur

4 Innra starf

Haust

Í upphafi annarinnar kom Íris Tanja Flygenring frá Samtökunum '78 með fræðslu fyrir starfsfólk.

Mánudaginn 2. október komu fulltrúar frá SamSTEM verkefninu í heimsókn. SamSTEM er samstarfsverkefni Háskóla Íslands, Háskólans í Reykjavík og Háskólans á Akureyri. Markmið verkefnisins er að fjölga brautskráðum nemendum í raunvísindum, tæknigreinum, verkfræði og stærðfræði. Gestirnir ræddu við raungreinakennara og stjórnendur en tilgangurinn með heimsókninni var m.a. að kortleggja kennslu í raungreinum og stærðfræði í framhaldsskólum.

Fimmtudaginn 12. október hélt Jafnvægisvogin, hreyfiaflsverkefni Félags kvenna í atvinnulífinu (FKA), stafrænu ráðstefnuna Við töpum öll á einsleitninni - Jafnrétti er ákvörðun, sem streymt var í beinni útsendingu á vefsíðu RÚV. Þar kynnti Eliza Reid viðurkenningarhafa Jafnvægisvogarinnar, en það eru þeir þátttakendur sem hafa náð að jafna kynjahlutfall í framkvæmdastjórnnum. Í ár var það metfjöldi eða 89 viðurkenningahafar. Að hreyfiaflsverkefninu standa auk FKA, forsætisráðuneytið, Creditinfo, Deloitte, PiparTBWA, Ríkisútvarpið, Samtök fyrirtækja í sjávarútvegi og Sjóvá. Jafnvægisvogin veitti viðurkenningar til fimmtíu og sex fyrirtækja, ellefu sveitarfélaga og tuttugu og tveggja opinberra aðila úr hópi þeirra 239 þátttakenda sem hafa undirritað viljayfirlýsingu. Markmið Jafnvægisvogar um 40/60 kynjahlutfall í efsta stjórnendalagi var haft til hliðsjónar við matið. Stór hluti þeirra þátttakenda sem hafa skrifað undir viljayfirlýsingu Jafnvægisvogarinnar hafa náð góðum árangri á þessu sviði. Fjölbautaskóli Suðurnesja var meðal þeirra sem hlutu viðurkenningu Jafnvægisvogarinnar í ár. Það var Guðlaug Pálsdóttir aðstoðarskólameistari sem tók við viðurkenningunni fyrir hönd skólans.

Í nóvember fengu kennarar heimsókn frá Guðjóni Hreini Haukssyni formanni Félags framhaldsskólakennara þar sem hann fór yfir stöðu samninga, réttindi og skyldur.

Halla Marinósdóttir talmeinafræðingur flutti erindi fyrir kennara um raddheilsu. Þar var farið yfir þætti raddverndar, ýmsa mikilvæga þætti sem styðja við góða raddheilsu og æfingar til að viðhalda góðri raddheilsu. Röddin er atvinnutæki kennarans en í vinnuumhverfinu er ýmislegt sem getur skemmt röddina eins og til dæmis skortur á raddþjálfun. Með erindinu fengu kennarar gagnlegar upplýsingar um raddbeitingu, hvað gæti skaðað röddina og leiðir til að koma í veg fyrir raddvandamál.

Vorönn

Kennarar í grunngreinum hittu kollega sína í grunnskólunum á svæðinu og ræddu um skil þessara skólastiga og hvernig nemendur færast þar á milli.

Þann 15. apríl kom Ragnhildur Vigfúsdóttir t með erindið „Kveðjum snillinginn“ þar sem umfjöllunarefnið var fullkomnunarárátta, hugleysi og hvernig þjálfar má hugrekki.

Upp úr miðjum maí komu nokkrir forsetaframbjóðendur í heimsókn í aðdraganda forsetakosninga en það voru þau Baldur Þórhallsson, Katrín Jakobsdóttir og Jón Gnarr sem heimsóttu skólann og ræddu við nemendur og starfsfólk.

Á sóknardögum í lok maí fékk starfsfólk skólans fræðslu um verkefni sem Suðurnesjavettvangur og Reykjanes UNESCO Geopark hafa sett af stað í samvinnu við UNESCO skóla á Íslandi að styðja við leik-, grunn-, og framhaldsskóla á Reykjanesi að gerast UNESCO skólar.

Á vordögum var jafnlaunavottun skólans endurnýjuð. Samkvæmt launagreiningu er óútskýrður launamunur 1,51% sem þykir mjög lítill munur. Hann hefur þó aukist lítillega frá síðasta ári en er vel innan marka. Sonja Sigurðardóttir fjármálastjóri hefur haft veg og vanda að vinnu við jafnlaunavottunina.

Á vorönn var stofnað gæðateymi sem er ætlað að hefja vinnu við gæðakerfi skólans.

Á skólarinnu unnu brautarstjórar starfsbrautar að innleiðingu verklags vegna laga um samþættingu þjónustu í þágu barna ásamt námsráðgjöfum. Þetta var unnið með sveitarfélögunum á Suðurnesjum auk þess sem samráð var haft við aðra framhaldsskóla.

5 Skólastarf

5.1 Valfög fyrir grunnskólanemendur

Fjölbrautaskóli Suðurnesja hefur verið í fararbroddi á landsvísu hvað varðar fljótandi skólaskil þá sérstaklega á milli grunnskólastigsins annars vegar og framhaldsskólastigsins hins vegar. Valfögin standa bæði 9. og 10. bekk til boða. Þetta skólaár voru hópar í ensku, stærðfræði, textíl og hár, rafiðnum, húsasmíði og málmsmíði. Einnig var boðið upp á spænsku og þýsku en því miður náðist ekki í hóp í þeim greinum. Boðið var upp á kynjaskipta hópa í textíl og hár, húsasmíði, rafvirkjun og málmsmíði en þátttaka var ekki næg til að þeir hópar færu af stað.

5.2 Nýtt námsframboð og samkomulag við Keili

Á haustönn fór ný námsbraut í pípulögnum af stað við skólann. Kennt var síðdegis en lengi hafði staðið til að fara af stað með þetta nám. Iðnmeistaránám fór einnig af stað eftir nokkuð hlé en það var einnig kennt síðdegis. Þetta nám er fyrir þá sem hafa lokið sveinsprófi í iðngrein og gefur aukin réttindi. Þessar námsbrautir fengu góðar viðtökur og nemendur lýstu ánægju sinni með að geta stundað námið á heimaslóðum.

Í febrúar var tilkynnt um samkomulag Fjölbrautaskóla Suðurnesja og Keilis, miðstöðvar vísinda, fræða og atvinnulífs, um að skólinn taki við rekstri tveggja námsbrauta frá Keili. Brautirnar voru einka- og styrktarþjálfaranám og stúdentsbraut í tölvuleikjagerð. Um leið var samið um að stefnt skyldi að yfirfærslu þriðju brautarinnar, fótaaðgerðafræði um næstu áramót.

5.3 Stofnun ársins

Val á Stofnun ársins 2023 var tilkynnt á hátíð Sameykis þann 15. febrúar en titlana Stofnun ársins og Stofnun ársins - borg og bær hljóta þær stofnanir sem þykja skara fram úr í könnun Sameykis meðal starfsmanna þeirra. Könnunin náði til starfsmanna í opinberri þjónustu hjá ríki, Reykjavíkurborg, sveitarfélögum og sjálfseignarstofnunum.

Fjölbrautaskóli Suðurnesja varð í 1. sæti í flokki stórra stofnana í könnuninni og er þetta annað árið í röð sem skólinn er efstur í sínum flokki. Stærðarflokkarnir eru stofnanir með færri en 40 starfsmenn, stofnanir með 40-89 starfsmenn og stofnanir með 90 eða fleiri starfsmenn. Fimm efstu stofnanir í hverjum flokki hljóta titilinn Fyrirmyndarstofnun og fær skólinn þann titil nú í 8. sinn á síðustu tíu árum.

5.4 Tilraunaverkefni með bekkjakerfi

Á haustönn var farið af stað með tilraunaverkefni og var nýnemum þá raðað í bekki. Þetta fyrirkomulag var aðeins á 1. ári en eftir fyrsta árið stunda þessir nemendur nám í áfangakerfi. Markmiðið með þessari tilraun var að efla félagsleg tengsl nýnema og auka skuldbindingu þeirra til námsins. Einnig var stefnt að því að efla utanumhald um nemendur, veita þeim viðeigandi þjónustu og skapa festu í námi. Þetta fyrirkomulag gafst vel en í lok skólarársins var ákveðið að næsta vetur yrðu nýnemar aðeins í bekkjum á haustönninni. Eftir áramót fari þeir svo í áfangakerfið en verði áfram með öflugt utanumhald fram á vor.

5.5 Samningur um viðbyggingu

Laugardaginn 6. apríl var undirritaður samningur milli ríkisins og sveitarfélaganna á Suðurnesjum um fjármögnun viðbyggingar fyrir verk- og starfsnám við skólann. Það voru Ásmundur Einar Daðason mennta- og barnamálaráðherra, Kjartan Már Kjartansson bæjarstjóri í Reykjanesbæ, Gunnar Axel Axelsson bæjarstjóri í Vogum, Árni Gísli Árnason staðgengill bæjarstjóra Suðurnesjabæjar og Kristján Ásmundsson skólameistari sem undirrituðu samninginn. Samningurinn var undirritaður með fyrirvara um samþykki bæjarstjórna sveitarfélaganna. Viðstaddir voru m.a. þingmenn kjördæmisins, sveitarstjórnarmenn og kennarar sem munu kenna í byggingunni.

5.6 Áhrif jarðhæringa í Grindavík

Skólaárið mótaðist nokkuð af jarðhræringunum á Reykjanesinu og þau áhrif sem þær höfðu á nemendur úr Grindavík. Skólinn reyndi eftir fremsta megni að koma til móts við þau með því að veita svigrúm varðandi mætingar og nám. Kennarar tóku tillit til aðstæðna nemenda og gerðu sitt besta til að hjálpa öllum að klára önnina. Aðstæður nemenda voru mismunandi og því erfitt að finna lausnir sem hentuðu öllum. Skólinn og kennarar reyndu að aðstoða hvern nemanda eftir bestu getu og tryggja að þessar óvenjulegu aðstæður hefðu sem minnst áhrif á námsframvindu nemenda.

5.7 Gjafir og styrkir

Á hverri önn fær skólinn góðar gjafir frá velunnurum en slíkar gjafir skipta miklu máli fyrir skólann og það starf sem fer fram innan hans.

Á haustönn færði Rafmennt, fræðslusetur rafiðnaðarins, nemendum á 1. ári í rafiðnum og kennurum í deildinni vandaðar vinnubuxur að gjöf. Þetta er annað árið í röð sem Rafmennt gefur buxur en allir nemendur sem hefja nám í rafiðnum fá þessa gjöf og einnig kennarar. Það voru þau Þór Pálsson framkvæmdastjóri og Hafdís Reinaldsdóttir skrifstofustjóri Rafmenntar sem afhentu gjöfina.

Nám í pípulögnum hófst á haustönn en kennt var síðdegis. Af því tilefni færði BYKO pípulagnadeildinni ýmis tæki og búnað. Þar er um að ræða átta pressuvélar frá General Fittings og tvær Rehau hulsuvélar en auk þess lánaði BYKO snittvél út önnina. Að auki fékk deildin átta klósettkassa og skálar, fimm handlaugartæki, sturtutæki, eldhústæki og handlaugar auk fylgihluta. Eins og sjá má er um mjög veglega gjöf að ræða sem á eftir að nýtast nemendum vel. Það var Áskell Viðar Bjarnason frá BYKO sem kom færandi hendi með þessa veglegu gjöf en Kristján Ásmundsson skólameistari og Jóhannes Gylfi Ólafsson kennari í pípulögnum tóku á móti henni fyrir hönd skólans.

Á vorönn fékk rafiðnadeild veglegar gjafir. Rafsparri gaf hleðslustöð af QUDO gerð og Jóhann Rönning gaf hleðslustöð af Chargestorm AB gerð og Casambi ljósaastýringarrofa.



Rafmennt færði nemendum og kennurum í rafiðnum vinnubuxur að gjöf.

5.8 Ferðalög og heimsóknir

Haustönn

Nemendur á afreksíþróttalínu stunda æfingar í íþrótt sinni samhliða námi og fá einnig fræðslu varðandi ýmislegt er viðkemur íþróttum og heilsu. Sandra Björk Helgadóttir frá Kvan kom með fyrirlestur um markmiðasetningu og hugarfar. Thelma Rún Rúnarsdóttir íþróttanæringarfræðingur kom í þrjú skipti með fyrirlestur um næringu og Ásdís Þorgilsdóttir íþróttakennari kom líka í heimsókn og var með fyrirbyggjandi æfingar og jóga. Það er gaman að segja frá því að Thelma Rún og Ásdís eru báðar fyrrverandi nemendur skólans.

Allir nemendur á 1. ári taka áfanga í lýðheilsu og lífsleikni. Þessi hópur tók þátt í forvarnardegi ungra ökumanna við 88 húsið og eru vonandi vel undirbúnir að fara út í umferðina sem ökumenn. Sami hópur gekk síðan á Þorbjörn með nesti og nýja skó. Bjartur Guðmundsson leikari og frammistöðupjálfi heimsótti skólann 25. september og flutti fyrirlesturinn Óstöðvandi. Hann fjallar um mátt tilfinninga, áhrif þeirra á upplifanir okkar, ákvarðanir og athafnir og þar með áhrif þeirra á hamingju og velgengi. Nemendur í lýðheilsu og lífsleikni hlustuðu á fyrirlesturinn og tóku líka þátt enda var líf og fjör á sal.

Helgi Gunnlaugsson prófessor við Háskóla Íslands heimsótti nemendur í félagsfræði en það voru nemendur í afbrotafræðiáfanga. Helgi kynnti nýjar rannsóknir á netafbrotum og svaraði spurningum nemenda. Hann kynnti einnig nám í afbrotafræði við Háskóla Íslands og sagði frá nýju M.A.-námi í greininni.

Nemendur á íþróttfræði- og lýðheilsubraut fóru í heimsókn á höfuðborgarsvæðið ásamt Andrési Þórarni Eyjólfsyni, kennara sínum. Hópurinn kíkti í Íþróttamiðstöðina í Laugardal og hitti þar fyrst Þórarin Alvar Þórarinsson, sérfræðing um fræðslu- og almenninguþróttir hjá ÍSí. Hann fræddi nemendur um ÍSí og helstu verkefni þar. Eftir það var farið í þjónustumiðstöð UMFÍ. Þar tók Auður Inga Þorsteinsdóttir, framkvæmdastjóri UMFÍ, á móti hópnum og fór yfir sögu UMFÍ og helstu þættina í starfseminni. Úr Laugardalnum fóru nemendur í heimsókn til Morgunblaðsins þar sem Víðir Sigurðsson, fréttastjóri íþróttadeildar Morgunblaðsins, sagði þeim frá deildinni og starfi íþróttafréttamanna.

Nemendur í umhverfisfræði fóru í stutt ferðalag og gróðursettu plöntur en flestir nýnemar taka umhverfisfræðiáfangann. Farið var í Vatnsholt á svæði Skógræktarfélags Suðurnesja þar sem nemendur settu niður nokkrar plöntur. Það var Kristján Bjarnason frá Reykjanesbæ sem leiðbeindi hópnum og fræddi nemendur um leið um plönturnar og svæðið. Gróðursetningin er svo tengd við nám nemenda í umhverfisáfanganum. Vonandi eiga plönturnar svo eftir að vaxa og dafna í framtíðinni.

Á starfsbraut fóru nemendur á lokaári í starfsnámi í heimsóknir í fyrirtæki. Þau kynntu sér starfsemi Dósasels og fengu kynningu á fyrirtækinu. Einnig fóru nemendur í heimsókn á leikskólann Tjarnarsel og kynntu sér starfsemina þar. Markmið þessara heimsókna var að vekja áhuga nemenda á ólíkum störfum og vinnustöðum og möguleikum þeirra til framtíðastarfa. Nemendur á framhaldsskólabraut starfsbraut fengu kynningu frá starfsmanni Atvinnu með stuðningi.

Nemendur á fyrsta ári á tölvubrautum heimsóttu tölvudeild Isavia og fengu þar höfðinglegar móttökur og góða skoðunarferð um starfsaðstöðu deildarinnar í flugstöðinni. Þetta var fyrsta ferðin frá því 2019 þar sem Covid hamlaði því að hægt væri að fara í svona ferð í tvö ár og svo féll hún niður í fyrra af óviðráðanlegum orsökum.

Nemendur af vélstjórnarbraut fóru og skoðuðu M.S. Helgafell sem er stærsta skip Samskipa á Íslandi. Með í för voru 10 nemendur og kennararnir Ívar Valbergsson og Þorsteinn Ingi Hjálmarsson. Það voru Hjörtur B. Björnsson yfirvélstjóri og Blængur Blængsson framkvæmdastjóri skipasviðs Samskipa sem tóku vel á móti hópnum og sýndu skipið.

Nemendur í háriðn fóru á útskriftasýningu hárnema í Tæknisskólanum og sóttu einnig hársýningu hjá Wella.

Nemendur í textíl nýttu eina viku í kennslustundum og saumuðu og seldu bleikar herraslaufur í tilefni af bleikum október. Ágóðinn af sölunni var 140.000 kr. og var ákveðið að styrkja Krabbameinsfélag Suðurnesja. Agnar Guðmundsson frá Krabbameinsfélaginu kom og veitti styrknum viðtöku. Agnar ræddi einnig við nemendur um starfsemi Krabbameinsfélags Suðurnesja og hversu mikilvægt er að fá styrki frá samfélaginu til þess að aðstoða þá sem fá krabbamein. Þetta er sjöunda styrktarverkefnið hjá textíildeildinni en síðast var það Fjölsmiðjan sem naut góðs af.

Vorönn

Silja Úlfarsdóttir heimsótti nemendur á afreksíþróttalínu og fór m.a. yfir grunnatriðin í hlaupabjálfun, hvernig hlaupastíllinn getur unnið með þér eða gegn þér og hvernig þú átt að laga veikleika þína. Þorgrímur Þráinsson flutti svo fyrirlestur fyrir hópinn og ræddi um sjálfsaga, sjálfsblekkingu, hvað það er að vera alvöru afreksmaður og hvað það skiptir miklu máli að vera góð manneskja.

Útskriftarnemendur á myndlistarlínu listnámsbrautar stóðu fyrir sýningu á verkum sínum í Bíósal Duushúsa í samvinnu við barna og ungmennahátíð Reykjanesbæjar. Sýningin var opnuð föstudaginn 3. maí en átta nemendur áttu verk á sýningunni. Nemendur listnámsbrautar fóru ásamt kennurum að heimsækja söfn í Reykjavík og fóru einnig á myndlistarsýningu í Listasafni Reykjanesbæjar.

Nemendur í félagsfræði brugðu undir sig betri fætinum og skelltu sér í höfuðborgina ásamt kennara sínum, Boga Ragnarssyni. Hópurinn heimsótti Alþingi þar sem Vilhjálmur Árnason þingmaður kynnti þingið og síðan var farið í Borgarleikhúsið en þar sagði Hlynur Páll Pálsson samskiptastjóri Borgarleikhússins hópnum frá leikhúsinu. Hópurinn fór einnig í skoðunarferð um miðbæinn þar sem kennarinn sýndi nemendum Héraðsdóm, Hæstarétt, Arnarhól, Stjórnarráðið og fleiri byggingar og kennileiti. Einnig var komið við í Ráðhúsinu en þar var einmitt áhugaverður gjörningur í gangi þar sem Sjálfstæðisflokkurinn mótmælti ástandinu í leikskólamálum.

Nemendur í nútímabókmenntum í íslensku fóru í vettvangsferð til Reykjavíkur þar sem þeir fóru í bókmenntagöngu um slóðir sögunnar Mánasteins. Nemendur skipulögðu bókmenntagönguna sjálfir sem verkefni í áfanganum.

Nemendur í íslensku fyrir erlenda nemendur fóru með íslenskukennurum að sjá Eddu í Þjóðleikhúsinu en þeir lásu einmitt Gylfaginningu í sínum íslenskuáfanga.

Nemendur í handboltaáfanga á íþróttabraut skelltu sér á leik í febrúar. Þar var alvöru stórleikur á ferðinni, bikarleikur Hauka gegn FH á Ásvöllum, en handknattleiksdeild Hauka bauð hópnum á leikinn. Alls voru 19 nemendur með í ferð auk Gunnars Magnúsar Jónssonar íþróttakennara. Það voru heimamenn í Haukum sem fóru með sigur af hólmi í leiknum, 33-29. Hópurinn skemmti sér vel og nokkrir nemendur notuðu tækifærið og tóku "selfie" með stórstjórnunni Aroni Pálmarssyni að leik loknum.



Nemendur í handboltaáfanga fóru á leik í Hafnarfirði.

Fimmtudaginn 28. febrúar heimsótti Veiga Grétarsdóttir nemendur í lýðheilsu og flutti áhrifaríkan fyrirlestur. Þar fjallaði Veiga um sögu sína sem kona verandi föst í karlmannslíkama í 38 ár og hvernig það var að vera barn, unglingur og fullorðin og burðast alltaf með leyndarmálið um hver hún var. Hvernig feluleikurinn bugaði hana að lokum og varð að þunglyndi og sárum hugsunum um að deyja frekar en lifa áfram í eigin líkama. Veiga fjallaði einnig um þegar hún reri á kajak rangsælis í kringum Ísland og hvernig þessi ævintýraferð varð hluti af bataferli hennar.

Íslensk-danski dúettinn Supernatural Suburbia spilaði á sal í hádeginu. Dúettinn skipa þeir Teitur Magnússon og Tue West. Þeir félagar starfa með Samtökum danskra lýðháskóla og sendiráði Danmerkur á Íslandi en auk þess að spila í framhaldsskólum sögðu þeir félagar frá lýðháskólum í Danmörku.

Nemendur á starfsbraut fengu fræðslu frá Samtökunum '78. Nemendur í áfanganum starfsnám á vinnustað fengu kynningu á Atvinnu með stuðningi hjá Vinnumálastofnun. Nemendur á fjórða ári á starfsbraut heimsóttu Blue Car Rental, Hótel Keflavík, HS Orku og Isavia og fengu kynningu á starfsemi þessarar fyrirtækja. Þetta voru virkilega áhugaverðar heimsóknir þar sem vel var tekið á móti hópnum og nemendur sýndu bæði mikinn áhuga, höfðu gaman af og voru sjálfum sér og skólanum til sóma. Tveir útskriftarnemendur á starfsbraut fóru í starfskynningu, annar hjá leikskólanum Gefnarborg í Garði og hinn hjá Víkurfréttum. Þau höfðu bæði gagn og gaman þessum heimsóknum.

Tíu nemendur í vélstjórn fóru í vísindaferð ásamt kennara sínum, Þorsteini Inga Hjálmarssyni. Dagurinn byrjaði í sporbrennslustöð Kölkú þar sem Steinþór framkvæmdastjóri fræddi hópinn um umhverfismál og tilgang sorpbrennslunnar. Ingbór verksmiðjustjóri sýndi svo nemendum allan vélbúnað og lýsti því hvernig stöðin vinnur. Hluti nemenda heimsótti svo Special Tours þar sem nemendur kynntu sér vélstjórastörf á farþegaferjum. Þar kynnti Ásta María framkvæmdastjóri starfsemi fyrirtækisins, nemendur fengu síðan að skoða alla báta fyrirtækisins og aðstöðu. Thorben Lund skipstjóri hjá Special Tours útvegaði nemendum óvænt boð að skoða varðskipið Þór. Um borð tók Hjörtur vélstjóri á móti nemendum og sýndi allt skipið en þó sérstaklega allan vélbúnað sem hópnum þótti mikið til um. Þetta var svo sannarlega lærdómsríkur dagur hjá nemendum sem fengu alls staðar frábærar móttökur.

Nemendur og kennarar af raf-, málm-, og vélstjórnarbrautum fóru í vísindaferð í Flugstöð Leifs Eiríkssonar. Alls voru um 30 nemendur í hópnum. Anna Lóa Ólafsdóttir og Elín Ingvarsdóttir frá Isavia tóku vel á móti hópnum og sýndu honum varaafhlélar, loftræstikerfi og nýtt og glæsilegt töskuflokkunarkerfi. Síðan var kaffi og kynning á starfsemi Isavia sem rekur meðal annars myndarlegan skóla til þess að þjálfa allt sitt starfsfólk.

Nemendur á lokaönn í húsmíði fóru í vettvangsferð á Árbæjarsafn. Þar skoðaði hópurinn húsin í safninu og kynntist aðferðum og tækni við viðhald og viðgerðir gamalla húsa. Reyndar snjóaði aðeins en hluti af náminu er auðvitað að venjast því að vinna í alls konar veðri.



Nemendur í vísindaferð hjá Isavia í Flugstöð Leifs Eiríkssonar.

6 Viðburðir á skólaárinu

6.1 Móttaka nýnema

Fyrstu viku annarinnar stóð nemendafélagið NFS fyrir nýnemaviku en þá voru nýnemar boðnir velkomnir í skólann. Boðið var upp á fjölbreyttar uppákomur á hverjum degi. Vikan var svo sannarlega skemmtileg og vonandi að nýnemum finnist vel tekið á móti þeim.

6.2 Kynningarfundur fyrir foreldra nýnema

Þriðjudaginn 5. september var kynningarfundur fyrir foreldra nýnema. Fundurinn var haldinn á sal skólans og var einnig streymt á YouTube. Margrét Lilja Guðmundsdóttir hjá Planet Youth ræddi um heilsu og líðan ungmenna og hlutverk foreldra. Hún ræddi m.a. um skjátíma, svefn og neyslu orkudrykkja og nikótínþúða. Elín Rut Ólafsdóttir áfangastjóri sagði frá vef skólans, Rósa Guðmundsdóttir námstjóri kynnti skólakerfið Innu og Bruno Birins matreiðslumaður sagði frá mötuneyti skólans. Þeir Leó Máni og Hermann Borgar sögðu frá starfsemi nemendafélagsins NFS og Guðlaug María Lewis sagði frá Foreldrafélagi FS og hvatti foreldra nýnema til að taka þátt. Að dagskránni lokinni gafst gestum tækifæri til að ræða við umsjónarkennara barna sinna, skólastjórnendur, námsráðgjafa og félagsráðgjafa.

6.3 Stórleikur í körfubolta

Í september fór fram sannkallaður stórleikur í Sláturhúsinu þegar nemendur og starfsfólk leiddu saman hesta sína í þjóðaríþrótt Suðurnesjamanna, körfubolta. Bæði liðin voru skipuð öflugum leikmönnum og hart var tekist á. Fjöldi fylgdist með úr stúkunni og var góð stemning í húsinu. Glæsileg tilþrif sáust í leiknum, þar á meðal nokkrar troðslur. Eftir æsispennandi leik fóru nemendur loks með sigur af hólmi, reyndar með minnsta mun. Nemendur náðu þannig að hefna fyrir úrslit síðasta vetrar þegar þau töpuðu fyrir starfsfólki í skotbolta. En allir skemmtu sér vel og var strax farið að huga að næstu íþrótt til að keppa í.

6.4 Forvarnardagur

Forvarnardagurinn var haldinn miðvikudaginn 4. október. Með deginum er verið að koma á framfæri þremur lyklum að góðu lífi eða verndandi þáttum í lífi barna sem rannsóknir hafa sýnt að minnki líkur á notkun áfengis- og vímuefna meðal barna og ungmenna. Umsjónarkennarar nýnemabekkja notuðu þessa viku, kynntu nemendum efnið og stýrðu umræðum. Með því að taka þátt í forvarnarvikunni stuðlar skólinn að betri vitund ungmenna um forvarnir og heilbrigt líf.

6.5 Erindi um stafrænt ofbeldi

Miðvikudaginn 11. október hélt Þórdís Elva Þorvaldsdóttir erindi um stafrænt ofbeldi. Erindið var flutt á netinu og nemendur fylgdust með í öllum kennslustundum og aðrir á sal. Þetta málefni hefur orðið sífellt mikilvægara og því mikilvægt fyrir unga fólkið okkar og reyndar okkur öll að takast á við þær áskoranir sem fylgja tækninni.

6.6 Kvennaverkfall

Þriðjudaginn 24. október var kvennaverkfall og lögðu konur sem starfa við skólann niður störf þennan dag. Stjórnendur skólans studdu málstaðinn og hvöttu konur jafnframt til að taka þátt í samstöðufundum í Reykjanesbæ og einnig á Arnarhóli í Reykjavík. Það var því aðeins karlpeningurinn í starfsmannahópnum sem var við störf þennan dag. Skóladagurinn varð ansi endaslappur og kom vel í ljós hversu mikilvægar konurnar sem starfa við skólann eru fyrir skólann og það starf sem þar fer fram.



Frá þemadögum á vorönn.

6.7 Uppbrotsdagur

Þriðjudaginn 20. febrúar var skólastarfið brotið upp og boðið upp á skemmtilega dagskrá. Þema dagsins var „FS hér og nú“ og var boðið upp á námskeið, fyrirlestra, spil og íþróttir og var nóg við að vera um allan skólann. Og til að vera í takt við tímann var undirpemað IceGuys.

Í hádeginu var svo matartorg á sal. Þar var hægt að gæða sér á pizzu, tacos, mini-hamborgurum, kjúklingaspjótum, samlokum, bollakökum og vöfflum með rjóma. Í takt við IceGuys undirpemað voru hvítir bolir til sölu merktir skólanum og þemanu en þeir giltu einnig sem aðgangur að matartorginu. Þau Arnór og Hjördís úr Kósýbandinu fluttu svo nokkur lög.

Daginn eftir var svo dagskrá á sal í fundartíma og hádegi. Þar hófst Starfshlaupið með látum þegar fyrsta forkeppnin fór fram. Þar kepptu fyrirliðar liðanna í ýmsum þrautum og gekk mikið á. Liðin reyndu með sér í spurningakeppni, sóðavatsndrykkju- og ropkeppni að ógleymdri eftirminnilegri skutluflugkeppni. Keppnin barst reyndar um allan salinn og tóku viðstaddir þátt í sumum þrautanna.

Að lokinni spennandi keppni mættu bræðurnir Jón og Friðrik Dór og fluttu nokkur lög af sinni alkunnu snilld. Það var vel við hæfi því undirpemað í ár var einmitt Iceguys. Þeir bræður hafa reyndar reglulega skemmt á sal undanfarin ár og ná alltaf upp ótrúlegri stemningu. Salurinn tók undir í hverju lagi og það er alltaf mikil gleði þegar þeir bræður troða upp. Þessir frábæru tónlistarmenn gáfu sér líka tíma til að spjalla við nemendur og starfsfólk og þar voru auðvitað teknar nokkrar sjálfur með gestunum.

6.8 Meistaradagur

Meistaradagur FS var haldinn í annað sinn fimmtudaginn 29. febrúar. Opið hús var kl. 11:30-13:30 og var iðnmeisturum og forsvarsmönnum fyrirtækja á Suðurnesjum boðið að kynnst verknáminu í skólanum. Ólafur Jónsson frá Nemastofu atvinnulífsins kynnti ferilbók verknámsnema og ræddi við gestina um vinnustaðanám og fleira. Nám í hársnyrtiiðn, húsasmíði, rafvirkjun og vélstjórn var svo kynnt og Bruno kokkur bauð upp á matarmikla kjúklingasúpu. Vel var mætt og gestirnir skoðuðu aðstöðuna og ræddu við verknámskennara. Margir notuðu tækifærið og skoðuðu Fab Lab smiðjuna þar sem Vilhjálmur forstöðumaður sýndi smiðjuna og hvernig hún getur nýst í einstökum greinum.

6.9 Forvarnardagur ungra ökumanna

Forvarnardagur ungra ökumanna var haldinn í skólanum í mars en það eru nemendur í lýðheilsu sem taka þátt í deginum. Nemendur fengu fræðslu um umferðaröryggi, fengu að prófa veltubíl og ölvunargleraugu. Hápunkturinn var svo þegar lögreglan og slökkviliðið settu umferðarslys á svið. Nemendur voru fengnir til að leika ökumann sem var handtekinn vegna gruns um ölvun við akstur og farþega sem var bjargað úr bílnum á sjúkrabörum. Það eru 88 húsið, Lögreglan, Brunavarnir Suðurnesja og TM sem standa að forvarnardegnum ásamt skólanum.

6.10 Starfshlaup

Starfshlaup Fjölbrautaskóla Suðurnesja fór fram föstudaginn 22. mars. Starfshlaupið fór nú fram í 28. sinn en það hóf göngu sína árið 1994. Keppnin var æsispennandi í ár en að lokum var það Gula liðið sem fór með sigur af hólmi. Fyrirliðar liðsins, Agnar, Bergsveinn og Ernir, tóku því við Starfshlaupsbikarnum sem Kristján Ásmundsson skólameistari afhenti. Að venju fékk sigurliðið pizzuveislu að launum og að því loknu héldu nemendur og starfsfólk í langþráð páskafrí eftir skemmtilegan dag.



Gula liðið fór með sigur af hólmi í Starfshlaupinu 2024.

6.11 Sýning á myndbandinu #MeToo bylting framhaldsskólanna

Í byrjun apríl var frumsýnt myndbandið #MeToo bylting framhaldsskólanna - Samþykki, mörk og náin samskipti. Myndin var sýnd í öllum framhaldsskólum sama dag, þann 22. mars. Myndbandið var sýnt í einni kennslustund og í sumum áföngum var því fylgt eftir með umræðum.

6.12 Hæfileikakeppni starfsbrauta

Hæfileikakeppni starfsbrauta framhaldsskólanna fór fram í apríl. Ninna Surada Thirataya Gyðudóttir keppti þar fyrir hönd starfsbrautar skólans en henni til halds og trausts voru dansararnir Katrín Rós Árnadóttir og Emilía Nótt Magnúsdóttir. Þær stóðu sig frábærlega í keppninni sem fór fram í Menntaskólanum við Hamrahlíð að þessu sinni.

6.13 Opið hús - námskynning

Þriðjudaginn 25. apríl var opið hús á sal fyrir nýja nemendur og foreldra þeirra. Nemendur 10. bekkjar voru sérstaklega boðnir velkomnir. Fagstjórar, stjórnendur og námsráðgjafar kynntu skólann og námsframboð en auk þess var hægt að kynna sér alþjóðasamstarf, afreksíþróttalínu og fleira. Stjórn nemendafélagsins kynnti starfsemi félagsins og félagslífið í skólanum. Einnig var boðið upp á gönguferðir um skólann þar sem gestir gátu skoðað aðstöðuna, m.a. í verk- og starfsnámsstofum. Vel var mætt á opna húsið og fólk var duglegt að spyrja og afla sér upplýsinga.

6.14 Dimmisio

Í lok hvernar annar bjóða væntanlegir útskriftarnemendur til hátíðar á sal sem kölluð er Dimmisio. Þá kveður útskriftarhópurinn kennara og nemendur skólans með ýmis konar uppákomum.

Dimmisio haustannar fór fram föstudaginn 1. desember. Í þetta sinn var þemað Skósveinarnir alræmdu sem heita reyndar Minions á frummálinu. Hópurinn byrjaði morguninn í dýrindis morgunmat í mótuneytinu og síðan var stutt dagskrá á sal. Þar fékk starfsfólk verðlaun fyrir vel unnin störf og þar komu gullmolinn, unglingurinn, mamma skólans og fleiri við sögu. Dagskránni lauk svo með glæsibrag þegar Skósveinarnir hrekkjóttu skutu upp confetti yfir allan salinn. Það var reyndar gert með samþykki umsjónarmanns, hópurinn hafði lofað að hreinsa eftir sig og gerði það auðvitað samviskulega.

Dimmisio vorannar fór fram á sal föstudaginn 3. maí. Útskriftarhópur vorsins stefndi greinilega hátt og mætti á svæðið klæddur vígalegum geimfarabúningum. Eftir að hafa pakkað ýmsu í plast í morgunsárið fór hópurinn í dýrindis morgunmat í mótuneytinu. Síðan var komið að dagskrá á sal þar sem byrjað var á myndbandi um lífið í skólanum og skemmtu áhorfendur sér konunglega yfir því. Myndbandið var virkilega skemmtilegt og vandað til verka. Síðan verðlaunaði hópurinn kennara og starfsfólk fyrir vel unnin störf (og reyndar margt annað) og þar fékk fólk loksins tækifæri til að bera alvöru fegurðardrottningaborða. Þar komu m.a. við sögu krúttið, TikTok drottningin, pepparinn, geitin og margir fleiri.



Geimfarar á Dimmisio vorannar.

7 Skýrsla námstjóra

7.1 Starfið veturinn 2023-2024

7.1.1 Fundir á skólaárinu

Fundartímar voru tveir á viku, á mánudögum kl. 15:00-16:00 og á miðvikudögum frá 10:25-11:20. Flestir fundir voru hefðbundnir eins og kennara-/starfsmannafundir, samráðsfundir, fagfundir, faggreinafundir, námsfundir, örnámskeið og erindi. Auk þess funduðu starfsþróunarklúbbar u.þ.b. einu sinni í mánuði í fundartíma þar sem fólk hittist og ræddi ýmis viðfangsefni tengd starfsþróun.

Haustönn

Þann 28. ágúst komu samtökin 78 með fræðslu fyrir starfsmenn. Raungreinakennarar fengu heimsókn frá SAMSTEM sem er samstarfsverkefni Háskóla Íslands, Háskólans í Reykjavík og Háskólans á Akureyri. Markmið verkefnisins er að fjölga brautskráðum nemendum í raunvísindum, tæknigreinum, tölvufræði, verkfræði og stærðfræði. Þann 15. nóvember fengu kennarar heimsókn frá Guðjóni Hreini Haukssyni formanni Félags framhaldsskólakennara þar sem hann fór yfir stöðu samninga, réttindi og skyldur. Halla Marinósdóttir hélt erindi um raddheilsu kennara þann 20. nóvember þar sem farið var yfir ýmsa mikilvæga þætti raddverndar. Kennurum voru kenndar æfingar til að viðhalda góðri raddheilsu.

Vorönn

Meistaradagur FS var haldinn í annað sinn þann 28. febrúar en þá er meisturum í hársnyrtiiðn, húsasmíði, rafvirkjun og vélstjórn boðið í heimsókn í skólann. Tilgangur dagsins er að styrkja tengsl skólans við atvinnulífið. Kennarar og starfsfólk tók þátt í undirbúningi sem og framkvæmd þemadaga í febrúar. Í mars fór starfshlaup skólans fram í 28. skipti og voru kennarar virkir þátttakendur í framkvæmdinni eins og fyrri ár. Þann 15. apríl kom Ragnhildur Vigfúsdóttir til okkar með erindið „Kveðjum snillinginn“ þar sem umfjöllunarefnið var fullkomnunarárátta, hugleysi og hvernig þjálfar má hugrekki. Upp úr miðjum maí fengum við heimsókn frá nokkrum forsetaframbjóðendum í aðdraganda forsetakosninga en það voru þau Baldur Þórhallsson, Katrín Jakobsdóttir og Jón Gnarr sem heimsóttu nemendur og starfsfólk.

7.1.2 Vettvangsferðir og heimsóknir

Ásdís Björk Pálmadóttir

- Erasmus+ ferðalag með kennurum í júní.
- Útskriftarsýning Tækniskólans í nóvember 2023 og í apríl 2024, farið var með nemendum.
- Erasmus+ ferðalag með nemendum til Spánar í maí 2024.

Bragi Einarsson

- Heimsókn í Safnahúsið á Hverfisgötu og á Listastafn Ásmundar Sveinssonar 7. mars 2024.

Garðar Þór Garðarsson

- Heimsókn í Sónar í Hafnarfirði þar sem nemendur fengu fræðslu um siglingar og fjarskiptabúnað o.fl.
- Heimsókn til Isavia í Leifsstöð þar sem nemendur fengu að skoða varaafstöð, færibandakerfi o.fl. ásamt fræðslu um flugstöðina.

Gunnar Magnús Jónsson

- Nemendur í handboltaáfanga fóru á leik í Olís-deild karla milli Hauka og FH í Hafnarfirði 12. febrúar 2024.

Harpa Kristín Einarsdóttir

- Nemendur í umhverfisfræði fengu fræðslu um gróðursetningu og gróðursettu tré á skógræktarsvæði skólans.

Hildur Guðjónsdóttir

- Erasmusferð til Zagreb í Job Shadowing 16.-19. apríl 2024.

Hulda Egilsdóttir

- Nemendur í ÍSLE3NB fóru í vettvangsferð til Reykjavíkur á báðum önnum í tengslum við verkefnavinnu áfangans og nemendur á haustönn fóru auk þess í vettvangsferð að Reykjanesvita í sinni verkefnavinnu.

Íris Jónsdóttir

- Nemendur á Listnámsbraut fóru á sýningar í Listasafni Reykjanesbæjar, einnig fóru nemendur á listasöfn í Reykjavík ásamt kennurum.
- Útskriftarnemendur héldu sýningu á verkum sínum í Listasafni Reykjanesbæjar í tengslum við Menningarhátíð barna og ungmenna í Reykjanesbæ.

Katrín Sigurðardóttir

- Erasmus+ ferðalag með kennurum í júní 2023.

Kolbrún Marelsdóttir

- Farið var með 120 nemendur í gönguferð, gengum frá Sandgerði og enduðum við Garðaskavita þar sem var borðað nesti.
- Forvarnardagur ungra ökumanna var haldinn í FS, þar sem TM, Samgöngustofa, lögreglan og slökkviliðið ásamt Reykjanesbæ tóku þátt.
- Gestafyrirlesarar komu með fyrirlestra frá Hugarinu (geðvernd), Ástráði (kynfræðsla kynfræðslufélags læknanema), prestum á svæðinu (sorgin og gleðin), Bjargráði (skyndihjálp), Landsbankanum (fjármálafræðsla), Veigu Grétarsdóttur transkonu og Samtökunum '78.

Kristín Þóra Möller

- Heimsókn í Dósaverksmiðjuna í Reykjavík 17. apríl 2024.

Kristjana Hrönn Árnadóttir

- Erasmus+ ferðalag til Spánar í nóvember 2023.
- Erasmus+ ferðalag til Ungverjalands í apríl 2023.

Lilja Dögg Friðriksdóttir

- Erasmus+ ferðalag til Spánar í nóvember 2023.
- Erasmus+ ferðalag til Ungverjalands í apríl 2023.

Margrét A. Sigurvinsdóttir

- Erasmusferð til Zagreb í Job Shadowing 16. - 19. apríl 2024.

Rósa Guðmundsdóttir

- Vettvangsferð með 18 nemendur af tölvubrautum í áfanganum TÖTÆ1GR05 til kerfisþjónustu Isavia í Leifsstöð í nóvember 2023. Nemendur fengu að skoða hvernig rekstur á stóru tölvukerfi fer fram og þann tæknibúnað sem þarf til að geta rekið eina flugstöð. Gengið var um flugstöðina og nemendum bent á hinn ýmsa tæknibúnað sem þarf að þjónusta svo að rekstur flugstöðvarinnar gangi eins og vera ber. Ítarleg kynning á umfangi reksturs Kerfisþjónustu Isavia var svo í lokin á heimsókninni ásamt glæsilegu pizzahlaðborði sem nemendur voru hæstánægðir með.

Sigríður Rós Jónatansdóttir

- Sjúkraliðadeildin fór með 25 nemendur í heimsókn á HSS í tveimur hópum og var tekið afar vel á móti þeim.
- Sjúkraliðanemi fór í vinnustaðanáms til Danmerkur í þrjár vikur. Sigríður Rós fór í fimm daga til að kanna aðstæður og hitta nemann til að athuga með yfirferð og þýðingu á pappírnum nemenda.
- Ívar Valgeirsson kom í lok annar í SASK að ræða við nemendur um sorg, sorgarviðbrögð og sálarhjálp.

Sólveig Sveinbjörnsdóttir

- Heimsókn í Safnahúsið á Hverfisgötu og á Listastafn Ásmundar Sveinssonar 7. mars 2024.

Þjóðbjörg Gunnarsdóttir

- Erasmusferð til Zagreb í Job Shadowing 16. - 19. apríl 2024.

Þorsteinn Ingi Hjálmarsson

- Vísindaferð með nemendum á vélstjórnarbraut um borð í M.S. Helgafell, varðskipið Þór, ferðaþjónustuskip Special Tours og sorpbrennslustöð Kölku.
- Vísindaferð í Slippstöðina í Njarðvík.

7.1.3 Kaup á kennslubúnaði

- Stærri innkaup fyrir Fab Lab sem opnaði á skólaárinu.
- Önnur innkaup teljast til hefðbundins reksturs.

7.1.4 Styrkir og gjafir

- Rafmennt, fræðslusetur rafiðnaðarins, gaf nemendum á 1. ári í rafiðnum og kennurum deildarinnar vandaðar vinnubuxur sem eiga örugglega eftir að nýtast vel í námi og starfi.
- Sveinafélag Suðurnesja gaf rafiðnaðardeildinni Opple ljós og snjallstýribúnað fyrir stillanleg ljós að andvirði 500.000 kr.
- Í upphafi skólaársins hófst nám í pípulögnum við skólann. Af því tilefni færði BYKO pípulagnadeildinni ýmis tæki og búnað. Þar á meðal voru pressuvélar, klósettskálar, sturtutæki, eldhústæki, og vaskar auk fylgihluta.



Starfsfólk brá á leik á Hrekkjavöku.

7.2 Kennsla, úttekt áfanga, símenntun og annað

7.2.1 Einyrkjar		
Kennarar og áfangar	Haustönn 2023	Vorönn 2024
Ásdís Björk Pálmadóttir, fagstjóri	HÁRG1GB02 HKLI1GB03 HLIT1GB01 HPEM1GB02 IÐNF1GB04 Hárið - grunnskólalaval	HÁRG2GB02 IÐNF2GB04 HLIT2GB02 HKLIP2GB03 HPEM2GB02 Hárið - grunnskólalaval
Guðbjörg Rúna Vilhjálmsdóttir	MATR1A05 x4 MATR1AM03	MATR1A05 x4 MATR1AM03 HEFRHO02
Jóhannes Gylfi Ólafsson	FRKE2PL03BB FRKE2PLAB HITA2PL04AB NEYS2PL04AB	EFRAE1EF05 GRTE1FF05 HREI2PL03AB SÉLA2PL03AB VGRTGN04AB
Katrín Sigurðardóttir	FATA1SH05 FATA2SH05 FATA2FF05 HAND2SH05 TEXT2EV05 Textíl - grunnskólalaval	FATA1SH05 FATA2SH05 FATA2FF05 TEXT2EV05 Textíl - grunnskólalaval
Sigríður Rós Jónatansdóttir	HBFR1HH05 HJÚK3ÖH05 LOKA3LV05 LYFJ2LS05 NÆRI2NN05 UMHV1NU05 VINN3GH08 VINN3ÖH08	HJÚK2HM05 HJÚK27V05 HJÚK3FG05 HJÚK3LO03 SASK2SS05 SJÚK2GH05 SJÚK2MS05 VINN2LS08 VINN3GH08
Sólveig Sveinbjörnsdóttir	ITEI2GB05	

Hvað gekk vel?

- Nemendur voru flestir virkir, voru stundvísir og mættu vel.

Hvað hefði betur mátt fara?

- Mætingar misgóðar eftir hópum, hefði þurft betra utanumhald og grípa fyrir inn í hjá þeim sem mættu illa.

Nýjungar í kennsluháttum

- Í matreiðslu voru stundum þematengd verkefni þ.e. eins og eftir löndum.
- Listnámið og textíllinn nýttu sér Fab Lab smiðju.
- Á hársnyrtibraut voru þemaverkefni tengd heildarútliti þ.e. greiðsla, fatnaður, skart og förðun svo eitthvað sé nefnt. Einnig fóru nemendur á hársnyrtibraut ásamt tveimur kennurum til Sevilla á vegum Erasmus+ þar sem þeir kynntu sér og unnu á hárgreiðslustofum þar í borg.

Nýjar kennslubækur - ný kennslugögn - nýir áfangar. Hver er reynslan?

- Fab Lab var alveg nýtt fyrir nemendum og var skemmtileg viðbót við kennsluhætti.
- Samfélagsmiðlar/YouTube/Pinterest voru einnig nýttir í t.d. hugmyndavinnu.

Eru einhverjar breytingar sem þið viljið gera á næstu önn?

- Áfangi er í vinnslu varðandi listnám og textíl þ.e. að blanda saman tískuhönnun/teikningu og þráðlist.
- Bæta þarf aðstöðu fyrir grófari vinnu t.d. leir og gips.
- Grunnskólaval í hár og textíl er í endurskoðun.

Hvernig var mætingin?

- Heilt yfir var mæting góð en kannski ca. tveir í hópi sem mættu seint eða illa.

Hvernig fannst ykkur best að virkja nemendur?

- Með samtali og hvatningu.

Hverjar voru helstu áskoranirnar/hindranirnar?

- Nemendur voru á misjöfnum stað í náminu og mislengi að vinna.
- Erfitt þegar nemendur mættu of seint eða mættu ekki þegar innlagnir eru í kennslustundum, þá þarf að endurtaka sig.

Námskeið sem kennarar hafa sótt

Ásdís Pálmadóttir

- Kveikjum neistann hjá nemendum - 23. maí í FS.
- Fagkennaranámskeið í ágúst 2023.

Katrín Sigurðardóttir

- Kveikjum neistann hjá nemendum - 23. maí í FS.
- Helgarnámskeið í bútasumi í október 2023.
- Námskeið í vinnuvernd fyrir öryggistrúnaðarmenn.

Annað

- Í hársnyrtiið er verið að endurskoða kostnaðarliðinn á kennslugögnum til hagsbóta fyrir nemendur.



Nemendur í textíl afhentu Krabbameinsfélagi Suðurnesja afrakstur slaufusölu.

7.2.2 Erlend tungumál

Kennarar og áfangar	Haustönn 2023	Vorönn 2024
Anna Kristjana Egilsdóttir	ENS2OS05 ENS2KO05 ENS2GA05 LOKA3LV05	ENS1ET05 ENS2OS05 ENS2GA05 ENS3AO05
Einar Trausti Óskarsson	SPÆN1TJ05 x2 SPÆN1SO05 x2	SPÆN1TJ05 x2 SPÆN1SO05 x2
Helga Salbjörg Guðmundsdóttir	DANS1ML05 DANS2LU05 DANS2LB05 x3	DANS1ML05 DANS2LU05 DANS2LB05 x2
Ingibjörg Böðvarsdóttir	SPÆN1SS05 x2	SPÆN1SS05 x2
John Richard Middleton	ENSK2KO05 x3 ENSK3AO05	ENSK2KO05 x3 ENSK3YN05
Kristjana Hrönn Árnadóttir	ENSK2GA05 ENSK2KO05 x2 ENSK3AO05 ENSK3FO05 LOKA3LV05 Enska - grunnskólaval	ENSK2GA05 x3 ENSK2KO05 ENSK3AO05 Enska - grunnskólaval
Ólöf Hildur Egilsdóttir, fagstjóri	ENSK2GA05 ENSK3AO05 ENSK3FS05	ENSK2GA05 ENSK3AO05 ENSK3FS05
Sveinn Ólafur Magnússon	DANS2LB05 x3 DANS2LU05 ENS2OS05	
Veska Jónsdóttir	ENSK1OS05 ÞÝSK1ÞO05 ÞÝSK1ÞS05 ÞÝSK1ÞT05	ÞÝSK1ÞO05 ÞÝSK1ÞS05 ÞÝSK1ÞT05 ENSK1OS05

Hvað gekk vel?

- Námsefni hentaði vel. Yfir höfuð var mæting góð (fer eftir áföngum). Mörg hver vel móttækileg.
- Lítið fall í þýsku (2 nemendur), hefði verið meira ef mætingar hafa verið teknar með í matinu.
- Lítið fall í spænsku.
- Lítið fall í dönsku. Hefur ekkert til að geta borið saman.
- Vinnan í spænsku jafnari en áður. Gagnsætt og gagnlegt efni. Kemur í staðin fyrir kaflapróf.
- Meiri virkni í tíma í spænsku.

Hvað hefði betur mátt fara?

- Í sumum hópum voru einstaklingar sem mættu illa og erfitt var að ná til. Tekin var óformleg könnun um hvað væri hægt að breyta í áfanganum. Nemendur yfirleitt ánægðir. Talað um að það mætti samstilla hópinn betur.
- Nemendur kunna ekki að læra. Skilja ekki leiðbeiningar, þeir eru ósjálfbjarga og þess vegna kemur ekkert úr kaflaprófunum. Það vantar þrautseigju. Áhugaleysi er meðal margra nemenda og notkun farsíma truflar. Áhugaleysi og metnaðarleysi hópsins bitnar á góðum nemendum.

Nýjungar í kennsluháttum

- Einn kennari að kenna 3. þreps áfanga í ensku í fyrsta sinn. Öðruvísi nálgun og kennari finnur að það er meira samtal. Þau eru þroskaðri.
- Kennari í spænsku hafði bara tvö kaflapróf, honum finnst þau ekki gagnleg. Nemendur kunna ekki að læra.
- PECS - myndræn túlkun á setningum. Kennari notaði þetta í kennslu orðaforða. Nemendur voru hrifnir af þessu.
- Kennari í þýsku notar mikið stuttar æfingar í quizlet, quizizz og wordwalls bæði í tíma og sem heimavinnu til að nemendur læri bæði orðaforða og málfræði. Sú vinna er einstaklingsvinna.

Nýjar kennslubækur - ný kennslugögn - nýir áfangar. Hver er reynslan?

- Uppfærð kennslugögn. Mikið verið að vinna með lesskilningsverkefni um málefni sem eru að gerast núna. Við erum alltaf að uppfæra og breyta námsefni eftir þörfum.
- Þýskukennari er með nýja bók – Das Leben A1 sem er notuð í tvær annir er ný. Hún uppfyllir allar kröfur til erlendra tungumálakennslu í Evrópu. Nemendum fannst gott að nota hana.
- Gagnvirkt og myndrænt efni sem virkar vel.
- Ný innsög, þættir, greinar o.s.frv. Ný bók í dönsku notuð í tvær annir.

Eru einhverjar breytingar sem þið viljið gera á næstu önn?

- Erum að færa einhverja áfanga úr símati aftur yfir í lokapróf. Ýta undir sjálfstæð vinnubrögð t.d. með lestri skáldsagna.
- Hvernig væri að taka í notkun símahótel?
- Fá INSPIRA kerfið til að geta notað INNU-próf.

Hvernig var mætingin?

- Yfir höfuð var hún góð. Erfitt að eiga við mætingar hjá nemendum í fornámi og fyrsta þreps áföngum.
- Mætingin var góð hjá öðrum spænskukennaranum, ekki góð í dönsku. Mæting var mismunandi góð eftir hópum.

Hvernig fannst ykkur best að virkja nemendur?

- Með samtali og með því að finna verkefni sem þau tengja við.
- Með gagnvirku efni.
- Með notkun quizizz, quizlet, wordwalls, PECS, raangu æfinga.
- Talverkefni í pörum, leikir og spil og gerð stuttra myndbanda í þýsku.

Hverjar voru helstu áskoranir/hindranir?

- Mestu áskoranir voru að kenna nemendum í bekkjakerfinu, þar sem nemendur hópuðu sig saman með ögrandi hegðun. Þessir hópar (appelsínurnar í eplahópnum) áttu erfitt með að finna sig. Myndaðist slæm hóphegðun sem erfitt var að kljást við. Það fór ansi mikil orka í að hafa stjórn á þremur til fimm nemendum á kostnað þeirra sem voru úti í horni sem þurftu jafnvel á hjálp að halda.
- Notkun farsíma í tíma.
- Áhugaleysi og metnaðarleysi nemenda.
- Ólæsi nemenda á málfræðihugtökum og á leiðbeiningum.
- Lesskilningur.
- Góðum nemendum leiðist á meðan kennarinn fæst við slaka nemendur og slökum nemendum leiðist út af því að þeir læra ekki.
- INSPERA-kerfið er nauðsynlegt til þess að geta notað INNU-prófin, þar sem nemendur eru orðnir flinkir í að svindla með því að nota netið. Þetta gerist þrátt fyrir fjölbreytileika í prófum.

Námskeið sem kennarar hafa sótt

Anna Kristjana Egilsdóttir

- IATEFL 15. - 19. apríl 2024.
- Kveikjum neistann hjá nemendum - 23. maí í FS.
- The Future of Languages, 8. og 9. júní 2024. Var einnig í undirbúningsnefnd.
- York 19. - 23 júní 2024. Námskeið á vegum FEKÍ.
- Spænskunámskeið 27. júní - 21. júlí 2024.
- Nám í HÍ, vorönn 2024 5 einingar, haustönn 2023 10 einingar.
- CLIL kynning, Veröld Vigdísar 23. apríl 2024.

Helga Salbjörg Guðmundsdóttir

- Íslandsk - dansk samarbejde. Kursus 3. - 4. maí á Hótel Örk.

Kristjana Hrönn Árnadóttir

- Kveikjum neistann hjá nemendum - 23. maí í FS.

Veska Andrea Jónsdóttir

- The Future of Languages, 8. - 9. júní 2024. Var líka í hópi skipuleggjanda ráðstefnunnar.
- ZHAW - Ráðstefna þýskukennara í Sviss í Winterthur 14. - 17. ágúst 2023.
Mensch und Maschine - gervigreind.
- Námskeið í Borgarholtsskóla um leiki í kennslu.
- Prag 21. - 24. mars. Künstliche Intelligenz - málstofa og vinnustofa.
- Critical Connections - fjöltyngd myndbandsgerð.

Annað

- Það er mikið samráð á milli enskukennara og eru þeir ávallt að rýna í hvað betur má fara og hvað gengur vel.
- Sumir kennarar þriðja máls eru að hugsa um að nota Moodle næstu önn.

7.2.3 Húsasmíði		
Kennarar og áfangar	Haustönn 2023	Vorönn 2024
Bjarki Ásgeirsson	BYGG2ST05 HÚSA3HU09 HÚSA3ÞÚ09 TEIK2HS05 TRÉS1HV08 TRÉS1VÁ05	GLÚT2HH08 HÚSV3HU05 LOKA3HU08 TEIK2HH05 x2 TEIK2HS05 x2 TEIK3HU05 x2 TRÉS1VT08 TRST3HH05
Gunnar Baldvin Valdimarsson	HÚSA3HU09 HÚSA3ÞÚ09 GRTE1FÚ05 HÚSA1KY05 TEIK2HH05 TEIK2HS05 Húsasmíði - grunnskólalaval	ÁÆST3SA05 TEIK2HH05 TEIK2HS05 TEIK3HU05 HÚSA1KY05 GLÚT2HH08 INRÉ2HH08 TRST3HH05 LOKA3HH08 Húsasmíði - grunnskólalaval
Sólveig Sveinbjörnsdóttir	GRTE1FF05	GRTE1FF05 GRT1FÚ05
Þórhildur Loftsdóttir	TRÉS1VÁ05 EFRÆ1EF05 x2 HÚSA1KY05 TRÉS1HV08	FRVV1FB05 TRÉS1VT08 INRE2HH08 INN2HH05

Hvað gekk vel?

- Kennslan gekk þokkalega á önninni.

Hvað hefði betur mátt fara?

- Aðstaða hefði mátt vera betri.

Nýjar kennslubækur - ný kennslugögn - nýir áfangar. Hver er reynslan?

- FRVV, bókin er erfið í umgengni. Vantar blaðsíður og kaflar flokkast á óskiljanlegan hátt. Fagteikning, ný bók, kemur ágætlega út en vantar verkefni í hana sem reyna á sjálfstæða hugsun.

Eru einhverjar breytingar sem þið viljið gera á næstu önn?

- Engar breytingar í kennslu og ekki hægt að framkvæma breytingar sem þarf fyrr en stærra húsnaði kemur í gagnið.

Hvernig var mætingin?

- Okkar mæting var ágæt en ekki eins góð hjá nemendum. Það voru full margir nemendur sem leyfðu sér að skreppa erlendis eða í frí þegar kennsla var í fullum gangi.

Hvernig fannst ykkur best að virkja nemendur?

- Með samtali.

Hverjar voru helstu áskoranir/hindranir?

- Plássleysi.

Námskeið sem kennarar hafa sótt

Bjarki Ásgeirsson

- Kveikjum neistann hjá nemendum - 23. maí í FS.



Nemendur í húsasmíði í vettvangsferð á Árbæjarsafni.

7.2.4 Íslenska		
Kennarar og áfangar	Haustönn 2023	Vorönn 2024
Anna Karlsdóttir Taylor	ÍSLE2BR05 ÍSLE2LR05 ÍSLE3BF05 LOKA3LV05	ÍSLE2LR05 ÍSLE2MÆ05 ÍSLE3BF05 LOKA3LV05
Ásta Svanhvít Sindradóttir	ÍSLE1MR05 ÍSLE2LR05 ÍSLE2MÆ05 LOKA3LV05	ÍSLE2MÆ05 ÍSLE3NB05 LOKA3LV05
Bryndís Garðarsdóttir	ÍSLE2LR05 ÍSLE2MÆ05 ÍSLE3BF05 ÚTIV1RK05 LOKA3LV05	ÍSLE2LR05 ÍSLE2MÆ05 ÍSLE3BF05 ÚTIV1RK05 LOKA3LV05
Hulda Egilsdóttir, fagstjóri	ÍSLE2BR05 ÍSLE3BF05 ÍSLE3NB05	ÍSLE2BR05 ÍSLE3NB05
Lilja Dögg Friðriksdóttir	ÍSLE1GR05 ÍSLE2LR05 ÍSLE3BF05 VITA2VT05 x2	ÍSLE1FB05 ÍSLE2LR05 ÍSLE2MÆ05 VITA2VT05 LOKA3LV05 x2
Kristín Þóra Möller	ÍSLE1ML05	LOKA3LV05
Rósa Guðmundsdóttir	LOKA3LV05	

Hvað gekk vel?

- Skipulagning náms, samvinna kennara.

Hvað hefði betur mátt fara?

- Samsetning hópa áskorun og enn frekar á vorönn.
- Skuldbinding nemenda til náms dvínandi og kemur m.a. niður á mætingu. Vinna nemenda með skóla er í forgangi.

Nýjungar í kennsluháttum

- Ný forrit í verkefnaskilum (t.d. padlet) og einnig var gervigreind nýtt í verkefnavinnu og verkefnagerð.

Nýjar kennslubækur - ný kennslugögn - nýir áfangar. Hver er reynslan?

- Alltaf verið að skipta út kennsluefni/ -bókum í öllum áföngum.

Eru einhverjar breytingar sem þið viljið gera á næstu önn?

- Skýra enn frekar kennsluáætlanir og gera skipulag fyrir nemendur markvissara.
- Virkja meira hug og hönd nemenda (blýantur og blað), vinna fleiri tímaverkefni, endurvinnu verkefni.
- Ætlum að vera samtaka sem faggrein í að sporna gegn símanotkun í kennslustundum. Ekki verður tekið við verkefnum unnum á síma á næstu önn, ætlum að bjóða (meira) upp á að nemendur skili tímaverkefnum handskrifuðum. Þegar tölvuskila er krafist geta allir nemendur fengið lánaðar tölvur í skólanum ef þeir eiga ekki tölvur sjálfir.
- Skýrari reglur um sein verkefnaskil, nýtingu stoðdaga o.s.frv.

Hvernig var mætingin?

- Mismunandi eftir hópum en versnaði er leið a önnina og hjá sumum afleit eftir páska.
- Í þeim áföngum þar sem var símat var í sumum kennsluáætlunum skýrt kveðið á að hámark fjarvista og það hafði jákvæð áhrif á mætingu. Ætlum að samræma og skýra þetta í öllum áföngum á næstu önn.

Hvernig fannst ykkur best að virkja nemendur?

- Mjög mismunandi eftir hópum, aldri, efni, tíma dags o. s. frv.
- Erum alltaf að vinna með það að vekja áhuga 20-30 **einstaklinga** í hópi og stundum gengur það vel og stundum ekki. Þetta er eilíf áskorun en líka það sem gerir starfið spennandi og margbreytilegt.

Hverjar voru helstu áskoranir/hindranir?

- Þurfum meira svigrúm fyrir samráð, fleiri fundartímar mættu vera eyrnamerkir því. Um annað sjá hér að ofan.

Námskeið sem kennarar hafa sótt

Anna Karlsdóttir Taylor

- Námskeið sem Anna var með í samstafi við Bókasafn Reykjanesháttar:
Gísli saga Súrssonar - 4 kvöld.
Fóstbræðra saga - 4 kvöld.
- Gervigreind í skólastarfi í júní 2023.
Námskeið vegum 3f, félags um upplýsingatækni í samstarfi við SEF.
- Ástríður, hetjur og dauði í Brennu-Njáls sögu - Endurmenntun HÍ.
- Völvur, blót og hamhleypur - Endurmenntun HÍ.

Ásta Svanhvít Sindradóttir

- Ástríður, hetjur og dauði í Brennu-Njáls sögu - Endurmenntun HÍ.
- Völvur, blót og hamhleypur - Endurmenntun HÍ.

Bryndís Garðarsdóttir

- Fangaðu töfrana: Kvíkmyndalandslag Íslands - Endurmenntun HÍ.
- Ástríður, hetjur og dauði í Brennu-Njáls sögu - Endurmenntun HÍ.
- Völvur, blót og hamhleypur - Endurmenntun HÍ.

Hulda Egilsdóttir

- Kveikjum neistann hjá nemendum - 23. maí í FS.
- Gervigreind í skólastarfi í júní 2023.
Námskeið vegum 3f, félags um upplýsingatækni í samstarfi við SEF.
- Jákvæð sálfræði og vellíðan - Endurmenntun HÍ.
- Gervigreind og hlaðvarpsgerð í íslenskukennslu - Endurmenntun HÍ.
- Fangaðu töfrana: Kvíkmyndalandslag Íslands - Endurmenntun HÍ.
- Ástríður, hetjur og dauði í Brennu-Njáls sögu - Endurmenntun HÍ.

Kristín Þóra Möller

- Fjölbreytileiki, fjölmennning og fjöltyngi - Menntafléttunámskeið.
- Ástríður, hetjur og dauði í Brennu-Njáls sögu - Endurmenntun HÍ.
- Völvur, blót og hamhleypur - Endurmenntun HÍ.

Lilja Dögg Friðriksdóttir

- Kveikjum neistann hjá nemendum - 23. maí í FS.
- Gervigreind og hlaðvarpsgerð í íslenskukennslu - Endurmenntun HÍ.
- Ástríður, hetjur og dauði í Brennu-Njáls sögu - Endurmenntun HÍ.

Annað

- Þarf að huga betur að skiptingu milli ÍSLE og ÍSAN og svigrúminu sem þar gefst til samstarfs og skipulags.



Nemendur og starfsmenn reyndu með sér í körfubolta.

7.2.5 Íslenska fyrir erlenda nemendur

Kennarar og áfangar	Haustönn 2023	Vorönn 2024
Ásta Svanhvít Sindradóttir	ÍSÁN3BÓ05	ÍSÁN3BÓ05
Einar Trausti Óskarsson	ÍSÁN1DM05	ÍSÁN1DM05
Ingibjörg Böðvarsdóttir	ÍSÁN1NS05 ÍSÁN1BE05	ÍSÁN1NS05 ÍSÁN1BE05
Helga Salbjörg Guðmundsdóttir		ÍSÁNDT105
Kristín Þóra Möller	ÍSÁN2AB05 ÍSÁN2BS05 ÍSÁN3NB05	ÍSÁN2AB05 ÍSÁN2BS05 x2 ÍSÁN3NB05
Magnús Einþór Áskelsson	ÍSÁN1NÆ03	ÍSÁN1NÆ03
Rakel Ósk Eiríksdóttir	ÍSÁN2KV05 ÍSÁN1NÆ05 ÍSÁN1OF05 ÍSÁN1DT05	ÍSÁN2KV05 ÍSÁN1NÆ05 ÍSÁN1OF05 ÍSÁN1DT05
Sveinn Ólafur Magnússon		ÍSÁN1DT05

Hvað gekk vel?

- Það gekk vel að nýta starfsþróunarklúbb kennara til að sinna fagstjórn í ÍSÁN í þágu nemenda.
- Mótun NFE brautar í samráði við áfangastjóra gekk vel og það hjálpar að ÍSÁN áfangarnir virðast vera komnir í hendur afmarkaðri kennarahóps. Tveir kennarar eru nú nær alfarið að sinna kennslu íslensku sem annars tungumáls og má merkja mjög jákvæð áhrif þess.

Hvað hefði betur mátt fara?

- Það hefði mátt ná betur til nemenda sem voru í síðdegisnámi á skólaárinu og eldri nemenda sem eru komnir lengra í námi en þurfa samt sem áður tengilið og stuðning. Einnig þarf að ná betur utan um þá nemendur sem eru komnir með ágæta munnlega færni í íslensku en eru ennþá illa læsir og skrifandi á vestrænt letur.

Nýjungar í kennsluháttum

- ÍSÁN kennarar sóttu fræðslu og námsefni til Dósaverksmiðjunnar í Reykjavík og skólinn fjárfesti í spilum og kennsluefni sem verður rauður þráður í gegnum ÍSÁN áfanga á komandi önum. Sú vinna er núna í þróun ásamt þróun tveggja nýrra áfanga.

Nýjar kennslubækur - ný kennslugögn - nýir áfangar. Hver er reynslan?

- Áfangar eru í stöðugri þróun og margt að gerast í útgáfu námsefnis.
- Flestir kennarar styðjast við grunnefni en þurfa einnig að finna efni héðan og þáðan og búa til námsefni fyrir einstök verkefni.
- Í samráði við áfangastjóra hefur verið ákveðið að bæta við tveimur áföngum á öðru þrepi til að brúa bil sem hefur myndast milli grunnáfanga og bókmenntaáfanga.
- Áhersla verður lögð á málfræði, lesskilning og hagnýtan orðaforða.

Eru einhverjar breytingar sem þið viljið gera á næstu önn?

- Fyrst og fremst er markmiðið að klára þau verkefni sem hófust á önninni og halda áfram að þróa nýja og eldri áfanga. Það væri hins vegar mjög gagnlegt ef tími gæfist til að þróa eða finna stöðupróf sem hægt væri að nýta til að staðsetja nemendur sem koma ekki beint úr grunnskóla.

Hvernig var mætingin?

- Mæting nemenda var mjög góð framan af en þá mátti sjá breytingu til hins verra hjá mörgum nemendum eftir páskafrí. Nokkrir nemendur fengu synjun um dvalarleyfi og hafði það skiljanlega mikil áhrif á mætingu þeirra og jafnvel á aðra nemendur í skólanum.

Hvernig fannst ykkur best að virkja nemendur?

- Það er auðvitað mjög misjafnt eftir hópum og eðlilega þurfa algjörir byrjendur meiri stuðning og töflukennslu. Það er samt best að virkja nemendur þegar verkefnin eru ekki of erfið og því er mikilvægt að staðsetja nemendur rétt og mæta þörfum eins vel og hægt er í fjölbreyttum hópum. Það þyrfti nánast að vera með nokkra námspakka í gangi sem nemendur gætu keyrt áfram í sjálfsnámi, með hópavinnu, spil eða annað upprot inn á milli.

Hverjar voru helstu áskoranir/hindranir?

- Helstu áskoranirnar var að finna tíma fyrir samráð allra kennara sem koma að ÍSAN og finna tíma til að sinna öllu sem þarf að gera til að vinna úr ofarnefndum hugmyndum. Einnig getur verið mikil áskorun að hafa samband heim ef á þarf að halda vegna tungumálaerfiðleika og svo vantar oft upplýsingar um forráðamenn erlendra nemenda á Innu. Það er eins og annars staðar mikil áskorun að mynda tengsl og fræða foreldra um nám barna þeirra í skólanum.

Námskeið sem kennarar hafa sótt

Ingibjörg Böðvarsdóttir

- Kveikjum neistann hjá nemendum - 23. maí í FS.
- Gervigreind og hlaðvarpsgerð í íslenskukennslu - Endurmenntun HÍ.
- Íslenskukennsla hjá Dósaverksmiðjunni í apríl 2024.



Bræðurnir Jón og Friðrik Dór héldu uppi fjörinu á þemadögum.

7.2.6 Íþróttir		
Kennarar og áfangar	Haustönn 2023	Vorönn 2024
Andrés Þórarinn Eyjólfsson	ÍPRF2SS05 ÍPRÓ1AL01 x2 ÍPRÓ1GA01 ÍPRÓ1HB01 x2	ÍPRF3LH05 ÍPRG2BA04 ÍPRÓ1AL01 x3 ÍPRÓ1GA01 x2 ÍPRÓ1HB01 ÍPRÓ1HR01 x2 ÍPRÓ1VE01
Elín Rós Bjarnadóttir	ÍPRÓ1JH01	
Gunnar Magnús Jónsson, fagstjóri	ÍPRÓ1AL01 ÍPRG2KN04 ÍPRF2PJ05 ÍPRÓ1GA01 ÍPRÓ1HB01 ÍPRÓ1HR01 KNAT1AA05 KNAT2AA05 KARF1AA05 KARF2AA05	ÍPRÓ1AL01 ÍPRG2HA04 ÍPRF2SÁ05, PRÓ1GA01 RÞÓ1HB01 KNAT1AA05 KNAT2AA05 KARF1AA05 KARF2AA05
Jóhann Jóhannsson	ÍPRÓ1AL01	
Kristjana Hildur Gunnarsdóttir	ÍPRF3NÆ05 ÍPRÓ1HB01 ÍPRÓ1HR01 ÍPRÓ1AL01	ÍPRÓ1HB01 ÍPRÓ1AL01 ÍPRÓ1HR01

Hvað gekk vel?

- Fengum aðgang að nýjum og flottum þreksal hluta úr önninni. Þeir nemendur sem völdu að nýta þreksalinn nutu sín mjög vel þar sem aðstaðan var mjög hvetjandi.

Hvað hefði betur mátt fara?

- Þreksalur var í vinnslu í byrjun annar og gátu nemendur því ekki nýtt sér þreksalinn. Í lok annar var okkur svo meinaður aðgangur að þreksalum við litla hrifningu nemenda og kennara.

Nýjungar í kennsluháttum

- Breyttar áherslur varðandi þreksal, t.d. nýr þrekhringur.

Nýjar kennslubækur - ný kennslugögn - nýir áfangar. Hver er reynslan?

- Nýr þreksalur/tæki flokkast væntanlega sem ný „kennslugögn“.

Eru einhverjar breytingar sem þið viljið gera á næstu önn?

- Fá afnot af þreksalnum alla önnina.
- Ástand á áhaldageymslu sem við höfum aðgang að mjög slæmt. Boltar frá körfuboltadeild um allt gólf ásamt öðrum búnaði sem snýr ekki að okkur.

Hvernig var mætingin?

- Eins og gengur og gerist í íþróttum, misgóð á milli hópa. Þar sem bekkir voru í íþróttum, var betri mæting hjá einhverjum hópum, en ekki algilt.

Hvernig fannst ykkur best að virkja nemendur?

- Með hvatningu og nýjum þreksal
- Með fjölbreytileika; nemendur hafa val um: þreksal, íþróttasal og göngubraut (úti)

Hverjar voru helstu áskoranir/hindranir?

- Vera án þreksals í upphafi og lok annar.
- Halda utan um stóra hópa þar sem nemendur vinna á þremur mismunandi stöðum; þreksal, íþróttasal, göngubraut (úti).

Námskeið sem kennarar hafa sótt

Kristjana Hildur Gunnarsdóttir

- Kveikjum neistann hjá nemendum - 23. maí í FS.
- Teygjunámskeið - Yogabody, netnámskeið.

Annað

- Ef ekki hefur komið nægjanlega skýrt fram hér að ofan þá er gríðarlega mikilvægt að hafa aðgang að þreksal fyrir íþróttatíma. Höfum náð að virkja nemendur sem hafa t.d. verið óvirkir í íþróttum í grunnskóla og vilja alls ekki vera í íþróttasal með hóp t.d. vegna félagsfælni og hafa engan áhuga á boltagreinum.

7.2.7 Listir		
Kennarar og áfangar	Haustönn 2023	Vorönn 2024
Bragi Einarsson	TEIK1TE05 MYNL2AT05 MYNL2TA05	TEIK1TE05 MYNL3TB05 MYNL3PR05
Íris Jónsdóttir, fagstjóri	MYNL3LM05 MYNL3MÁ05 SJÓN1TF05 SJÓN1LF05 TEIK2MÁ05	MYNL3LO10 MYNL2FF05 MYNL2MA05 LSTR1ET02 SJÓN1LF05
Sólveig Sveinbjörnsdóttir	LISA1HN05 LISA3NÚ05	LISA2RA05 LISA3ÍS05 TEIK1UE03

Hvað gekk vel?

- Kennsla gekk almennt vel. Útskriftasýning nemenda gekk vel að vanda. Nemendur flestir virkir og mættu almennt vel.

Hvað hefði betur mátt fara?

- Mætingar misgóðar eftir hópum, hefði þurft betra utanumhald og grípa fyrir inn í hjá þeim sem mættu illa.

Nýjungar í kennsluháttum

- Listnámið nýtti sér Fab Lab í kennslu.

Nýjar kennslubækur - ný kennslugögn - nýir áfangar. Hver er reynslan?

- Fab Lab er alveg nýtt fyrir nemendum og var skemmtileg viðbót, samfélagsmiðlar/YouTube/Pinterest voru einnig nýttir í t.d. hugmyndavinnu.

Eru einhverjar breytingar sem þið viljið gera á næstu önn?

- Áfangi í vinnslu varðandi listnám og textíl þ.e. að blanda saman tískuhönnun/teikningu og þráðlist.
- Bæta aðstöðu fyrir grófar vinnu t.d. leir og gips.
- Grunnskólaval í hár og textíl er í endurskoðun.

Hvernig var mætingin?

- Heilt yfir var mæting góð en kannski ca. tveir eða fl. í hópum sem mættu seint eða illa.

Hvernig fannst ykkur best að virkja nemendur?

- Halda vel utan um verkefni og hafa nóg fyrir stafni, skýr markmið, styttri og snarpari verkefni og skil.

Hverjar voru helstu áskoranir/hindranir?

- Nemendur á misjöfnum stað í náminu og mislengi að vinna.
- Erfitt þegar nemendur mæta of seint eða ekki þegar innlagnir eru í kennslustundum, þá þarf að endurtaka sig.

Námskeið sem kennarar hafa sótt

Bragi Einarsson

- Art in The Open Írlandi sumarið 2023.
- Vatnslitamálan með Stephen Lárus sumarið 2023.

Íris Jónsdóttir

- Kveikjum neistann hjá nemendum - 23. maí í FS.
- Fjölbreytileiki, fjölmennig og fjöltyngi - Menntafléttunámskeið.

Sólveig Sveinbjörnsdóttir

- Mannkostamenntun - 10 ECTS eininga nám við hug- og félagsvísindasvið Háskólans á Akureyri.

7.2.8 Málm- og vélstjórnargreinar		
Kennarar og áfangar	Haustönn 2023	Vorönn 2024
Ívar Valbergsson, fagstjóri	VÉLF1VA04 (AV) STÝR1VA04(AV) VÉLS2VA04(AV)	KÆLI2VA05(AV) VÉLS2VB04(CV) VÉLS3VB04(EV) VÉLS2VA04(BV) VÉLT3VB04(AV)
Páll Reykdal Jóhannesson		SMÍÐ1VB04(BV) HBFR1SA03(AS) SUÐA1SS05
Sólveig Sveinbjörnsdóttir	IDTE1VB04	
Þorsteinn I. Hjálmarsson	LAGN3VB04(AV) MLSU1VA03(AV) RENN2VB03(AV) SMÍÐ1VA04(AV) STIL3VB05(AV) Málmsmíði - grunnskólaval	MLSU2VB03(BV) SMÍÐ2VB04(CV) SUÐA1SS05 UMHV2SA04(AS) VÉLV3VA04(AV) VÉLF2VB04(BV) MLSU1PL03AB MALM1MA05 Málmsmíði - grunnskólaval

Hvað gekk vel?

- Kennslan gekk vel hjá öllum kennurum í málm- og vél.
- Það var góð samvinna á milli nemenda og kennara.
- Suðukennsla fyrir nemendur í pípulögnum gekk mjög vel.

Eru einhverjar breytingar sem þið viljið gera á næstu önn?

- Endurskoða tímafjölda í ýmsum greinum.
- Skoða fög varðandi undanfara.

Námskeið sem kennarar hafa sótt

Ívar Valbergsson

- Grunnnámskeið Rauða krossins, Viðbragðshópsnámskeið í febrúar 2024.
- Skyndihjálp - Sjálfbóðaliðar Suðurnes í mars 2024.

Þorsteinn Ingi Hjálmarsson

- Námskeið hjá Iðan tæknisetur.
- Námskeið til vottunar á meðferð flúoraðra loftegunda/kælimiðla sem lauk með prófi og vottun frá Umhverfisstofnun.
- 3D prentun í iðnaði.
- Fusion 360° - á þínum hraða þegar þér hentar - Tölvuteikning.
- Sjónskoðun (Visual Inspection) málmsuðu lauk með prófi og útgefið hæfnisviðurkenning.
- Námskeið í vinnuvernd fyrir öryggistrúnaðarmenn.
- Meistaraskóli FS - útgefið löggilt meistarabréf í vélvirkjun fyrir málms- og vélstjórnardeild skólans

Annað

Það vantar fleiri rennibekki, álsuðuvél, glussabekk, loftstýringarбекк, spíssaprufun.



Nemendur í vélstjórn skoðuðu MS Helgafell.

7.2.9 Rafvirkjun		
Kennarar og áfangar	Haustönn 2023	Vorönn 2024
Björgvin Jónsson	RAFL2GC03 RAFL3RE04 RAST2RB05 STÝR1GA05 Rafvirkjun - grunnskólaval	IDTE2VB04(BV) LYST3RB05 RAFL1GB03 RAFL3GD03 STÝR2GB05 VSME2GR05 Rafvirkjun - grunnskólaval
Garðar Þór Garðarsson, fagstjóri	FRLA3RA05 RAFM1GA05 RAFG1KY05 STÝR3RD05 RRVV2RA03 FRLA3RB05	FRLA3RB05 RAFM1GA05 RAFM3RF05 STÝR3GC05 RAFM3RE05 (U) RAFM2GB05
Davíð Ásgeirsson	RAFM2GC05 RATM2GA05 TNTÆ1GA03 TNTÆ3GC05 VGRT2GC04	TNTÆ2GB05 VGRT2GB03 RÖKR3VB04 RAFM2GB05
Hlynur Heimisson	RAFL1GA03 RAFM1GA05 TNTÆ3GC05 RAMV2VA04 Rafvirkjun - grunnskólaval	RATM2GB05 TNTÆ2GB05 RAMV2VB04 Rafvirkjun - grunnskólaval
Karl Kristinn Þórhallsson	RAFL1GA03 RAFM1GA05 RAFM3RE05 STÝR1GA05 x3 TNTÆ1GA03, RAFM1RF05	RAFL1GB03 RAFL3GD03 RAFM2GB05 RAFM3GD05 RAMV1VA04 STÝR2GB05
Sverrir Gunnarsson	RATM2GA05 REIT2VB04 RLTK2RB05 VGRT1GA05 x3 VGRT2GB03 VGRT2GC04	VGRT2GB03 STÝR2GB05 RRVV2RB03 RLTK3RB05 RAMV2VA04 RAFG1KY05

Hvað gekk vel?

- Almennt gekk vel á þessari önn.

Hvað hefði betur mátt fara?

- Gekk hægt í vinnu nemenda í verkefnum hvort sem er bókleg eða verkleg verkefni, nemendur ekki nógu duglegir að halda sér að verki.

Nýjungar í kennsluháttum

- Allt sem tekið var á töflu var glósað í iPad. Er í þróun.

Nýjar kennslubækur - ný kennslugögn - nýir áfangar. Hver er reynslan?

- Rafmagnsfræði uppfærð á rafbók.is. Raflagnaáfangar uppfærðir í Autocad bæði verkefni og matslistar.

Eru einhverjar breytingar sem þið viljið gera á næstu önn?

- Uppfæra námsmat í raflögnum og færa inn í eftirlíkingu af ferilbók. Námsmat verði miðað við að öllum verkefnum sé skilað með viðunandi árangri annars lokapróf.

Hvernig var mætingin?

- Almennt séð þokkaleg mæting. En alltaf þeir sömu sem vantar eða eru í klósettferðum.

Hvernig fannst ykkur best að virkja nemendur?

- Almennt gekk illa að virkja nemendur.
- Nemendur á annarri önn voru ekki að fatta að þeir væru komnir í framhaldsskóla og þurfti að aðlagja kennslu að barnaskóladæmi.
- Verkefni voru brotin upp til að fá örari skil.

Hverjar voru helstu áskoranir/hindranir?

- Virkja nemendur og að þeir geri sjálfir.
- Erfitt að fá nemendur til að sýna frumkvæði og seiglu við lausn verkefna.

Námskeið sem kennarar hafa sótt

Björgvin Jónsson

- 3D prentun í iðnaði.
- Fusion 360° - á þínum hraða þegar þér hentar - Tölvuteikning.
- Autodesk Inventor Essentials Grunnnámskeið.
- Framköllun í skammdeginu.
- Frá teikningu að hreyfimynd með Procreate Dreams og After Effects.

Garðar Þór Garðarsson

- Free at home hjá Rafport.

Sverrir Gunnarsson

- Kennslufræði iðnmeistara.
- Kennsla starfsgreina á vettvangi - fyrri hluti.
- Kennsla starfsgreina á vettvangi - seinni hluti.
- Kennslufræði starfsgreina - fyrri hluti.
- Kennslufræði starfsgreina - seinni hluti.
- Kennsla og margbreytilegir nemendahópar.

Annað

- Gera átak í því að nemendur mæti með þau verkfæri sem á þarf að halda hvort heldur sem er til verklegra eða skriflegra æfinga (glósubók, skriffæri og reiknivél).



Frá útskrift vorannar 2024.

7.2.10 Raungreinar

Kennarar og áfangar	Haustönn 2023	Vorönn 2024
Guðmundur Grétar Karlsson	EFNA2LM05 EFNA3RA05	EFNA3LR05 EFNA2GE05
Hafþór Óskarsson	EÐLI2AF05	EÐLI2AF05 EÐLI3BL05
Harpa Kristín Einarsdóttir	JARÐ2AJ05 LÍFF2ML05 LÍFF3ÖR05 SÝKL2SS05 UMHV1NU05	JARÐ2AJ05 LÍFF2ML05 LÍFF2LE05
Haukur Viðar Ægisson	UMHV1FR05 LÍFF2LE05 x2 LÍFF2ML05 x2	EFNA2LM LÍFF2LE05 LÍFF2ML05 LÍFF3LÍ05 LÍFF3ER05
Kristjana Hildur Gunnarsdóttir	LÍOL2SS05	LÍOL2SS05 LÍOL2IL05 NÆRI2NN05
Sveinn Ólafur Magnússon		UMHV1NU05

Hvað gekk vel?

- Eðlisfræði - Verkefnahvati í áföngum gekk vel.
- Allt gekk vandræðalaust fyrir sig. Kennurum gekk vel að læra nýja hluti á INNU.
- Nýjung í líffræði gekk vel þar sem hætt var að leyfa minnismiða í prófum.
- Nemendur þurfa að leggja meira á sig til að tileinka sér námsefni.

Hvað hefði betur mátt fara?

- Nemendur í UMHV1FR hefðu mátt hafa meira úthald.
- Sumir nemendur voru seinir að átta sig á að til þess að ná prófum í líffræði þarf að læra fyrir prófið.
- Nemendur sem ekki hafa færni í íslensku til þess að skilja kennara og námsefni eru í miklum erfiðleikum í áföngum eins og líffræði og efnafræði.

Nýjungar í kennsluháttum

- Í eðlisfræðinni var notast við rafræna endurgjöf þar sem nemandi tók t.d. próf og kennari skannaði inn og skrifaði á blaðið endurgjöf fyrir nemanda.
- Í lífeðlisfræði og erfðafræði hættu kennarar að leyfa minnismiða í prófum og tóku upp kaflapróf í stað könnunarprófa þannig að próf voru oftari en ekki með minna efni.
- Kennari í líffræði var með tvo nemendur sem ekki töluðu íslensku og höfðu ekki tungumálageitu til að taka próf. Hann samdi við námsráðgjafa um að nemendur fengju að taka prófið hjá þeim og nota Google Translate undir eftirliti.

Nýjar kennslubækur - ný kennslugögn - nýir áfangar. Hver er reynslan?

- Reynt var að hafa rafræna vinnubók í eðlisfræði, skilaði sér ekki eins vel og hugsað var í byrjun.
- Engar nýjar kennslubækur á önninni. Erum öll stöðugt að vinna nýtt efni af netinu eftir þörfum.

Hvernig var mætingin?

- Góð í UMHV1NU en slæm í UMHV1FR, sérstaklega þegar líða fór á önnina.

Eru einhverjar breytingar sem þið viljið gera á næstu önn?

- Eðlisfræði - Sleppa svindlblaði fyrir nemendur í prófum og útbúa frekar gott formúlublað fyrir nemendur.
- Breytingar framundan í LÍFF2ML05 varðandi innihald.
- Mjög óljóst hvernig næsta önn verður varðandi nýja grunnáfangann í náttúrufræði. Værum til í að fá upplýsingar um hvernig stjórnendur sjá það fyrir sér.

Hvernig fannst ykkur best að virkja nemendur?

- Eðlisfræði - Með því að vera með gulrót fyrir mætingu og verkefni til dæmis. Vera með verklegar æfingar sem nemendum finnst spennandi að vinna í.
- Tala við nemendur, mynda persónuleg tengsl. Fjölbreytt námsefni og verkefni.

Hverjar voru helstu áskoranir/hindranir?

- UMHV1FR mikil áskorun að vekja áhuga nemenda.
- Í líffræði þar sem hætt var með minnismiða var erfitt að fá nemendur til að undirbúa sig fyrir próf. Kennarar hafa á tilfinningunni að nemendur þurfi þjálfun í námstækni og í að skipuleggja tíma sinn og að fáir læri að ráði heima fyrir próf.

Námskeið sem kennarar hafa sótt

Hafþór Óskarsson

- Kveikjum neistann hjá nemendum - 23. maí í FS.
- Að byggja upp hugsandi kennslurými í stærðfræði á framhaldsskólastigi 12. - 13. júní 2023.

Harpa Kristín Einarsdóttir

- Kveikjum neistann hjá nemendum - 23. maí í FS.
- Gervigreind í skólastarfi í júní 2023.
- Námskeið fyrir kennara um heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna - Félag sameinuðu þjóðanna í ágúst 2023.
- Jarðfræði á mannamáli, nóvember 2023 - janúar 2024 - Endurmenntun HÍ.
- Essential Topics in News Literacy - NewsLitNation Professional Learning í janúar 2024.

Annað

- Undirstrikum mikilvægi þess að nýr áfangi í náttúrufræði verði undirbúinn tímanlega fyrir haustið. Ekki tími til að búa til nýjan áfanga á einum degi í haust. Það þarf að ákveða innihald, finna og búa til námsefni. Sá sem kemur til með að vinna þennan undirbúning þarf að heyra í kennurum í efnafræði, eðlisfræði, líffræði og jarðfræði um hvaða efni væri gott að hafa í áfanganum.

7.2.11 Samfélagsgreinar		
Kennarar og áfangar	Haustönn 2023	Vorönn 2024
Andrés Þórarinn Eyjólfsson	LÝÐH1HF05 x 3	
Andri Sigurðsson	SÁLF2HS05 SÁLF3JS05 SÁLF3LÍ05	SÁLF2HS05 SÁLF3KV05 SÁLF3JS05
Anna Rún Jóhannsdóttir	SÁLF2HS05 SÁLF3PS05 x2 UPPE3MU05 x2 LOKA3LV05	SÁLF3PS05 SÁLF3SM05 x2 UPPE2AU x2
Atli Þorsteinsson	FÉLV1IN05 FÉLV1FR05 SAGA3PV05 HEIM2NH05	FÉLV1IN05 FÉLV1FR05 SAGA2HI05 HEIM2NH05
Bogi Ragnarsson	FÉLA2ES05 FÉLA3AB0 FÉLA3KS05 FÉLA3HE05 LOKA3LV05	FÉLA2ES05 FÉLA3ML05 FÉLA3HE05 FÉLA3AH05 FÉLA1AF03
Guðbjörg Jónatansdóttir	SAGA3SS05 FÉLV1IN05 FÉIV1FR05	SAGA3KM05 FÉLV1IN05 VITA2VT05
Gunnar Magnús Jónsson	LÝÐH1HF05	LÝÐH1HF05
Hlynur Ómar Svavarsson	HAGF2PF05 VIFR2FF05 VIFR2ST05	HAGF2RH05 VIFR2MF05 VIFR3FK05
Kolbrún Marelsdóttir	LÍFS1ES05 x2 LÝÐH1HF05 x2	LÝÐH1FA05 x2 LÝÐH1HF05 x2
Kristín Þóra Möller	VITA2VT05	
Kristjana Hildur Gunnarsdóttir	LÝÐH1HF05	
Rósa Guðmundsdóttir	VITA2VT05	VITA2VT05
Sveinn Ólafur Magnússon		FÉLA2ES05 FÉLV1FR05 SAMF1ÍS03
Þjóðbjörg Gunnarsdóttir	BÓKF2BF05	BÓKF2BF05

Hvað gekk vel?

- Krakkarnir hressir, kátir og duglegir að vinna, góður andi heilt yfir.
- Eldri krakkarnir virkilega áhugasamir og duglegir nemendur.
- Nýtt vikuskipulag í félagsfræði sem gekk mjög vel.
- Gott samstarf við nýja kennara og jákvæður andi hjá starfsmönnum á þessari önn.
- Vinnubók búin til sem að gagnaðist vel fyrir nemendur í viðskiptafræði. Nemendur þurftu að handskrifa og gátu unnið sig áfram þó þeir misstu af tíma.
- Skipulag í lýðheilsu gekk upp að mestu leyti. Ekkert óvænt kom upp á.

Hvað hefði betur mátt fara?

- Tölvur mikið að klikka á önninni hjá kennara, mögulega skjávarpi líka. Erfitt að fá einhvern til að laga þetta.
- Símararnir! Símanotkun/símafíkn dregur úr einbeitingu hjá nemendum. Spurning um að hafa einhverja reglu innan skólans um það.
- Taka fyrir að nemendur séu að vinna verkefni í símanum. Taka kannski eitthvað átak innan skólans þar sem allir taka þátt í að leggja línu þar sem er ekki verið að vinna verkefni í síma. Kenna rétt vinnubrögð og verkefni þarf að vinna í tölvu eða þá handskrifað ef það er þannig verkefni.
- Námsmatið í lýðheilsu, þarf að endurskoða. Mæting/virkni var ekki tekið inn í sem er nauðsynlegt í þessum áfanga. Einnig þarf að skoða varðandi vægi hvers „námsþáttar“.

Nýjungar í kennsluháttum

- Nokkrir sem fóru í Moodle. Gekk vel en líka hnökrar að fara í nýtt kerfi.
- Lokapróf í þroskasálfræði í Innu. Gekk mjög vel! Verður aftur á næstu önn.
- Gagnvirkni inn í Moodle. H5P forrit sem var keyrt á og gekk vel.
- Peardeck kennslukerfi nýtt í áföngum í sögu og félagsvísindum , gekk vel.
- Calcutor spurningar sem nýtast vel í Hagstofu eða tölulegar upplýsingar. Allir fá sömu spurningarnar en breytir tölulegum upplýsingum þannig allir fá í raun mismunandi spurningar.
- Forvarnardagur í lýðheilsu gat ekki farið fram í 88 húsinu vegna framkvæmda á húsnæði. Var þess í stað í skólanum og gekk það vonum fram.

- Gönguferðin í lýðheilsu hefur venjulega verið á Þorbjörn en var ekki í boði þessa önnina vegna jarðhræringa. Fórum þess í stað í göngu Sandgerði – Garður sem var mjög góður kostur og verður líklega gert aftur.

Nýjar kennslubækur - ný kennslugögn - nýir áfangar. Hver er reynslan?

- Ýmis kennslugögn búin til með gervigreind. Myndbönd, verkefni, lesefni og fleira. Gekk vel og einfaldar ýmislegt fyrir okkur kennara.

Eru einhverjar breytingar sem þið viljið gera á næstu önn?

- Taka betur á símanotkun.
- Bæta endurgjöf til nemenda. Taka einn og einn nemenda út og ræða hvernig þeim er að ganga í áfanganum, fara yfir verkefni með þeim og fleira. (Endurgjöf þar sem skrifað er inn í verkefni og ætlast til að þau lesi það yfir skila svo litlu.)
- Setja skýran einkunnaramma fyrir verkefnin og fara yfir þann ramma vel fyrir verkefnavinnu nemenda.
- Gera breytingar á námsmati í lýðheilsu.



Frá tónleikum til styrktar Grindvíkingum.

Hvernig var mætingin?

- Ágætis mæting heilt yfir.
- Flott mæting hjá þeim sem eru í bekkjakerfinu.
- Nokkrir brottfallsnemendur á framhaldsskólabraut. Mætingin var heilt yfir nokkuð góð, en þó mismunandi á milli hópa (voru 5 hópar á önninni).
- Mætingin í lýðheilsu var heilt yfir nokkuð góð, en þó mismunandi á milli hópa (voru 5 hópar á önninni).

Hvernig fannst ykkur best að virkja nemendur?

- Reyna að hafa efni sem þau tengdu við og fannst áhugavert.
- Hafa alltaf eitthvað fyrir stafni þannig að þau séu virk.
- Hafa fjölbreytt efni, innlögn, myndbönd, verkefni sem krefjast þess að þau séu virk.
- Töluvert af fyrirlestrum í lýðheilsu en klárlega besta virknin þegar verkefni lögð fyrir, erfiðara fyrir nemendur að halda einbeitingu í fyrirlestrum.

Hverjar voru helstu áskoranir/hindranir?

- Sími.
- Lesskilningur nemenda.
- Vantar upp á tölvulæsi, geggjað að það sé að koma áfangi hér til að taka á því!
- Breyttur staður á forvarnardegi sem krafðist nýs skipulags. Ný leið fyrir gönguferð. Erfiður fornámshópur sem náðu ekki námsmarkmiðum.

Námskeið sem kennarar hafa sótt

Anna Rún Jóhannsdóttir

- Kveikjum neistann hjá nemendum - 23. maí í FS.

Bogi Ragnarsson

- Kveikjum neistann hjá nemendum - 23. maí í FS.
- Gervigreind í skólastarfi í júní 2023.

Kolbrún Marelsdóttir

- Kveikjum neistann hjá nemendum - 23. maí í FS.
- Fjölbreytileiki, fjölmennning og fjöltyngi - Menntafléttunámskeið.

Annað

- Að þessu sinni voru tveir kennarar með lýðheilsu eftir áramót en voru áður fjórir kennarar. Skipulag mun einfaldara og þægilegra þegar einungis tveir kennarar koma að skipulaginu.



Frá MORFÍS-keppni gegn MA á sal.

7.2.12 Starfsbraut		
Kennarar og áfangar	Haustönn 2023	Vorönn 2024
Helena Rut Borgarsdóttir	FJÖL1FF04 ÍSLE1MB05 LAND1HÁ04 LÍFS1SK05 x2 LÝÐH1GV01 LÝÐH1GV02 SAMS1SP02	ENSK1SF02 ENSK1SF03 ÍSLE1SJ03 LÍFS1SK03 LÝÐH1RH01 LÝÐH1SL02 SAMF1SB03
Helga Jakobsdóttir	FJÖL1FF04 ÍSLE1MB05 x2 LAND1HÁ04 LÍFS1HN05 LÝÐH1GV01 LÝÐH1GV02 NÁSS1FN05 SAMS1TX02 STAR1VF05	FJÖL1FF01 ÍSLE1SJ02 ÍSLE1SJ03 LÍFS1SK03 LSTR1TX02 LÝÐH1GÖ02 LÝÐH1RH01 NÁSS1FN01 SAMF1SB03 SAMS1SC01 STAR1VF01
Íris Lind Björnsdóttir	FJÖL1FF04 LÍFS1HN05 LÝÐH1GV01 LÝÐH1GV02 SAMS1GH02 STAR1ST05 STÆR1GS05 STÆR1PH02 STÆR1PH03	ENSK1SF03 ÍSLE1SJ03 LÝÐH1GÖ02 SAMF1SB03 SAMSP1SP02
Jóhann Jóhannsson	LAND1HÁ04 LÍFS1HN05 LÝÐH1GV01 LÝÐH1GV02 SAMS1SP02 STÆR1PH03	ENSK1SF03 LÍFS1SK03 LSTR1KM02 LÝÐH1ÍH02 LÝÐH1RH01 SAMF1SB03 SAMS1SP02

Magnús Einþór Áskelsson	LAND1HÁ04 LÍFS1HN05 x2 LÝÐH1GV01 LÝÐH1GV02 SAMS1SP02 STAR1VF05 STÆR1PH03 TÓNS1ST05	ENSK1SF03 ENSK1SF03 FJÖL1FF01 LÍFS1SK03 LÝÐH1ÍH02 LÝÐH1RH01 SAMF1SB02 SAMS1SC01 SAMS1SC01 SAMS1SP02 STAR1VF01
Sigríður Gunnarsdóttir	FJÖL1FF04 ÍSLE1MB05 LAND1HÁ02 LÝÐH1GV01 LÝÐH1GV02 SAMS1SP02 STÆR1PH03	ENSK1SF02 ÍSLE1SJ03 LÍFS1SK03 LÍFS1SK03 LÝÐH1SL02 SAMF1SB03 UMSJ1ST01
Sunna Pétursdóttir	LAND1HÁ03 LAND1HÁ04 LÍFS1HN05 LÍFS1HN05 LÝÐH1GV01 SAMS1BÓ02 STAR1RS05	FJÖL1FF01 LÍFS1KF03 LÍFS1SK03 x2 LSTR1GH02 LÚÐH1RH01 SAMF1SB03 STAR1RS01
Telma Rut Eiríksdóttir	FJÖL1FF04 ÍSLE1MB05 x2 ÍSLE1SJ05 LAND1HÁ02 NÁSS1GA05 STAR1SH05 STAR1ST05	ÍSLE1MB03 ÍSLE1SJ03 NÁSS1GA01 SAMF1SB02 STAR1SH01 STAR1ST01

Á starfsbraut störfuðu þrír stuðningsfulltrúar á báðum önnum, Drífa Guðmundsdóttir í 100% stöðu og þær Ljósbrá Mist Bjarnadóttir og Þórdís Sveinsdóttir í 80% stöðu. Natalía Mist Jónsdóttir starfaði sem stuðningsfulltrúi á haustönn en þær Árný Alda Ásgeirsdóttir og Árdís Sif Guðjónsdóttir á vorönn, allar í 80% stöðu.

Hvað gekk vel?

- Samvinna, hópaskipulag nemenda gott.

Hvað hefði betur mátt fara?

- Fleiri kennara inn í hópa.
- Vandamál þegar veikindi/leyfi koma upp meðal starfsmanna.

Nýjungar í kennsluháttum

- Gervigreind notuð í verkefnagerð í ensku.
- Aðal kennsluefni íslenskuáfanga haustönn 2023 var byggt á þáttaröðinni Ófærð.

Nýjar kennslubækur - ný kennslugögn - nýir áfangar. Hver er reynslan?

- Sjálfbærni - útgefið af menntamálastofnun og var alveg nýtt. Áhugavert efni og fór eftir hópum hversu vel nemendur tóku í efnið. Verkefnabankinn mjög góður.

Eru einhverjar breytingar sem þið viljið gera á næstu önn?

- Taka upp tveggja kennara kerfi fyrir ákveðna hópa.

Hvernig var mætingin?

- Heilt yfir góð en ákveðinn hópur sem mætir illa og svöruðu ekki mætingabréfum.

Hvernig fannst ykkur best að virkja nemendur?

- Sýna þeim eitthvað sem þau tengja við.
- Sumir hópar voru að bregðast vel við umræðum á meðan aðrir þurftu verkefnavinnu.
- Hópar ólíkir og því hópaskipting mikilvæg.
- Símar og tölvur enn og aftur að trufla og erfitt að keppa við.

Hverjar voru helstu áskoranir/hindranir?

- Símanotkun nemenda, tæknivandræði í stofum helst tengt skjávarpa.
- Þegar starfsfólk var fjarverandi og þá varð mannekla sem var krefjandi.

Námskeið sem kennarar hafa sótt

Helga Jakobsdóttir

- Kveikjum neistann hjá nemendum - 23. maí í FS.
- Helgarnámskeið í bútasauri í október 2023.
- CAT-námskeið í apríl 2024.

Jóhann Jóhannsson

- Kveikjum neistann hjá nemendum - 23. maí í FS.

Sunna Pétursdóttir

- Farsældarskólinn - Barna- og fjölskyldustofa.
- Farsældarskólinn, framhald - Barna- og fjölskyldustofa.
- MT nám í kennslu við Háskólann á Akureyri:
 - Heimspeki menntunar (5 einingar).
 - Kynjafræði, jafnrétti og lýðræði (5 einingar).
 - Starfspróun kennara, forysta og bekkjarstjórnun (10 einingar).
 - Læsi til skilnings (5 einingar).
 - Námskráin: Náms- og kennsluaðferðir (10 einingar).
 - Námskenningar, nemendur og kennsla (5 einingar).
 - Nemandinn í skóla margbreytileikans (10 einingar).

Telma Rut Eiríksdóttir

- Kveikjum neistann hjá nemendum - 23. maí í FS.
- Farsældarskólinn - Barna- og fjölskyldustofa.
- Farsældarskólinn, framhald - Barna- og fjölskyldustofa.

7.2.13 Stærðfræði		
Kennarar og áfangar	Haustönn 2023	Vorönn 2024
Elín Rós Bjarnadóttir	STÆR1AR05 x2 STÆR2AR05 x2 STÆR1GR05	STÆR1AR05 x2 STÆR2AR05 STÆR2TL05 x2
Guðlaug Pálsdóttir	STÆR2AH05 Stærðfræði - grunnskólaval	STÆR2AH05 Stærðfræði - grunnskólaval
Hafþór Óskarsson	STÆR2VH05	
Hildur Guðjónsdóttir	STÆR2TL05 x3 STÆR2AR05 x2	STÆR2TL05 x3 STÆR2VH05 x2
Inga Lilja Eiríksdóttir, fagstjóri	STÆR2VH05 STÆR3DF05 STÆR3HI05 STÆR3FT05	STÆR2VH05 STÆR3DF05 STÆR3HI05 STÆR3AF05
Margrét Alda Sigurvinsdóttir	STÆR1AR05 STÆR1GR05 STÆR1PA05 x2 STÆR2AR05	STÆR1FB05 STÆR1PB05 STÆR1AR05 STÆR2AR05
Rakel Ósk Eiríksdóttir	STÆR1PB05	STÆR1PA05 STÆR1UE02
Þjóðbjörg Gunnarsdóttir	STÆR2AH05 STÆR3ÁT05	STÆR2AH05 STÆR3ÁT05

Hvað gekk vel?

- Samstarfið hjá kennurum gekk mjög vel og einnig samstarf við nemendur. Heilt yfir gekk önnin mjög vel.

Hvað hefði betur mátt fara?

- Hóparnir voru mjög misjafnir, bæði í fjölda og getu. Spurning hvort að hægt sé að skoða það eitthvað.

Nýjungar í kennsluháttum

- Við vorum að prófa okkur áfram í Thinking Classroom sem gekk vel.

Nýjar kennslubækur - ný kennslugögn - nýir áfangar. Hver er reynslan?

- Engar nýjar kennslubækur á þessari önn.

Eru einhverjar breytingar sem þið viljið gera á næstu önn?

- Erum að skoða að gera örlitlar breytingar í STÆR2AH05 og STÆR2AR05.

Hvernig var mætingin?

- Mætingin var ekkert sérstök á önninni.

Hvernig fannst ykkur best að virkja nemendur?

- Það var frekar erfitt að virkja nemendur þessa önnina, líklega á mætingin einhvern þátt þar. Hvernig best er að virkja þau fer eftir hópum. Í sumum hópum hentar að búa efnið meira niður, stundum þarf að taka móðurlegt tiltal og ýmislegt annað.

Hverjar voru helstu áskoranir/hindranir?

- Símanotkun nemenda er alltaf áskorun. Nemendur eru mikið að fara úr tíma og þurfa að fara fyrir vegna vinnu.

Námskeið sem kennarar hafa sótt

Hildur Guðjónsdóttir

- Kveikjum neistann hjá nemendum - 23. maí í FS.

Inga Lilja Eiríksdóttir

- Kveikjum neistann hjá nemendum - 23. maí í FS.
- Að byggja upp hugsandi kennslurými í stærðfræði á framhaldsskólastigi 12. - 13. júní 2023.

Margrét Sigurvinsdóttir

- Kveikjum neistann hjá nemendum - 23. maí í FS.
- Að byggja upp hugsandi kennslurými í stærðfræði á framhaldsskólastigi 12. - 13. júní 2023.
- Growth Mindset (Cultivating a Growth Mindset in Educational Organizations) - námskeið í gegnum Erasmus +. 13. - 18. maí.

Þjóðbjörg Gunnarsdóttir

- Kveikjum neistann hjá nemendum - 23. maí í FS.
- Að byggja upp hugsandi kennslurými í stærðfræði á framhaldsskólastigi 12. - 13. júní 2023.

Annað

- Mikilvægt er að hafa stærðfræðihópana í stofum sem hafa stóra töflu sem hægt er að færa upp og niður. Ómögulegt er að kenna stærðfræði á litla töflu og til dæmis í gámunum. Stofur 206 – 210 og 321 og 323 eru tilvaldar fyrir stærðfræði.

7.2.14 Tölvufræðigreinar		
Kennarar og áfangar	Haustönn 2023	Vorönn 2024
Bragi Einarsson	UPPL2TU05	UPPL2TU05
Gísli Ragnarsson	FORR2PH05 STÆR2AH05 VEFH2HÖ05 VFOR2FE05 VFOR3LO05 FORR3RR05(U)	FORR2PH05 FORR3PH05 VFOR2GR05 VFOR3BE05 FORR3RR05 FORR2PH05(U)
Guðmann Kristþórsson	UPPT1UE02(AA)	UPPT1UE02(AA)
Hafþór Óskarsson	LINU2GR05 FORR2RO05	FORR2LE05 FORR2GD05 GAGN1GR05
Hjörtur Guðbjartsson	UPPT1UE02	UPPT1UE02
Rósa Guðmundsdóttir, fagstjóri	TÖTÆ1GR05 UPPL1GR05	TÖTÆ2FR05 UPPL2TU05

Hvað gekk vel?

- Gekk vel að breyta Tölvutækni 2 í lokaprófsáfangar og notkun á Lanschool hjálpaði til við að kenna nemendum að leita að gögnum í kennslubók.
- Verkefnamiðað nám í gagnasafnsfræðinni gekk vel.
- Verkefnahvati í áföngum gekk vel.
- Frumraun af lokaprófi í forritun gekk vel.
- Mjög sterkur hópur var í forritun 1 þar sem uppistaðan voru nemendur sem völdu af öðrum brautum eins og raunvísindabraut.

Hvað hefði betur mátt fara?

- Getur oft verið erfitt að vera með ólíka hópa í verkefnamiðuðum áföngum þar sem getan getur oft verið töluverð.
- Erfitt að vera með hóp í leikjaforritun þar sem blanda er af útskriftarnemendum og byrjendum í forritun.

Nýjungar í kennsluháttum

- Lokapróf voru sett inn í nokkra áfanga.

Nýjar kennslubækur - ný kennslugögn - nýir áfangar. Hver er reynslan?

- Engar nýjar kennslubækur en rafrænt námsefni frá Cisco (netacad.com) sem nýtt er í Tölvutækni er uppfært reglulega til að efnið sé í takt við nýjungar í tölvubransanum og þurfa kennarar að vera á vaktinni.
- Í tölvustofum var búið að endurvirkja LanSchool hugbúnaðinn sem hjálpar kennurum að hafa yfirumsjón með vinnu nemenda og loka á ákveðnar vefsíður í skólatölvum eins og t.d. gervigreindarsíður sem hjálpar til við að nemendur vinna verkefnin sjálfir en geta ekki spurt „vin“ hver rétta lausnin er heldur þurfa að lesa í gegnum kennslubókina og læra vonandi betur af því (situr meira eftir) að þurfa að leysa verkefnin sjálf.

Eru einhverjar breytingar sem þið viljið gera á næstu önn?

- Bæta við lokaprófum í fleiri áfanga eins og Tölvutækni 1, forritun og mögulega einhverja fleiri áfanga.

Hvernig var mætingin?

- Mætingin var mjög misjöfn þar sem sumir mættu mjög vel og aðrir sem mættu ekki eins vel.
- Nemendur voru oft að mæta frekar seint í kennslustund.
- Erfitt að vera með kennslu eftir mat þar sem nemendur koma mjög seint eftir mat.

Hvernig fannst ykkur best að virkja nemendur?

- Með því að vera með gulrót fyrir mætingu og verkefni til dæmis.
- Vera með verklegar æfingar sem nemendum finnst spennandi að vinna í.
- Láta öll verkefni sem nemendur vinna í gilda til einkunnar.

Hverjar voru helstu áskoranir/hindranir?

- Mætingar nemenda léleg og margir nemendur að mæta of seint.

Námskeið sem kennarar hafa sótt

Rósa Guðmundsdóttir

- Kveikjum neistann hjá nemendum - 23. maí í FS.
- Þróunarstarf í menntastofnunum - STM110F, 10 ECTS í Háskóla Íslands á haustönn 2023.

Annað

- Óvissa um hvernig næsta önn verður í sambandi við nýjar námsbrautir, framhaldskólabraut í tölvufræði, tölvufræðibraut og tölvuleikjabraut. Eins hvernig samstarfi verður háttað við nýja kennara sem kenna faggreinar á 2. og 3. ári tölvuleikjagerðar Keilis. Vont að vita ekki hvernig hópaskipting verður að vori því innritun nýnema er ekki lokið.



Nemendafélagið stóð fyrir pipakökuhúsaskreytingakeppni í jólaviku.

7.3 Lokaorð

Skólaárið var fjölbreytt og skemmtilegt. Starfsmannahópurinn er kröftugur og töluverð endurnýjun hefur átt sér stað undanfarin ár. Leitast var við að velja fundarefni sem var áhugavert og höfðaði til alls hópsins. Sú nýjung var á skólaárinu að nemendum á fyrsta ári var kennt í bekkjarkennslu í stað áfangakennslu. Þessi nýjung var tilraunarverkefni með því markmiði að minnka brottfall og gera nemendum auðveldara fyrir að kynnast skólafélögum sínum. Í lok skólaársins var skoðað hvernig gekk og niðurstaðan var að hafa bekkjakerfið í eina önn en umsjón í tvær annir. Nám í pípulögnum hófst í upphafi skólaársins og eykur það enn frekar á fjölbreytni námsbrauta í skólanum fyrir nemendur.

Á vorönn voru tveir sóknardagar en fyrri dagurinn byrjaði á faggreinafundum en þá var kennurum skipt í hópa eftir fögum og var farið yfir vinnu vetrarins og skoðað hvað gekk vel og hvað mætti betur fara. Í kaffihléinu skelltu námstjórar í bingó sem var skemmtilegt uppbrot á langri fundarsetu og voru mjög svo skemmtilegir vinningar í boði. Eftir kaffihlé var liðurinn uppgjör skólaársins en þá var kennarahópnum skipt í þrjá mismunandi hópa og hver hópur tók fyrir ákveðin málefni þ.e.a.s. bekkjakerfi, starfsþróun og námsmat. Hver hópur ræddi um hvert málefni í 20 mínútur og svo var hrist upp í hópunum og fólk færði sig í næsta málefni. Þessi aðferð tókst afar vel en umræður voru snarpar og kennarar voru ekki alltaf með sömu aðilum í hópi. Eftir hádegið var rýni áfanga en þá skoðuðu kennarar þá áfanga sem þeir vilja uppfæra og endurbæta. Að lokinni fundarsetu fyrri daginn var allsherjar tiltekt í vinnurými og vinnuaðstaðan gerð tilbúin fyrir næsta haust. Seinni sóknardagurinn hófst með kynningu frá UNESCO en félagið er með kynningar í leik-grunn- og framhaldsskólum og óskar eftir samstarfi við skóla á svæðinu en þeir vinna með heimsmarkmiðin. Starfsfólk sem tók þátt í erlendum samskiptum við aðra skóla og fór á námskeið erlendis kynnti ferðir sínar. Að lokum var sagt frá starfsþróunarklúbbavinnu vetrarins.

Námstjórar þakka fyrir lærdómsríkt og gefandi skólaár.

Katrín Sigurðardóttir, Rósa Guðmundsdóttir og Þjóðbjörg Gunnarsdóttir námstjórar tóku saman.

8 Skýrsla bókasafns

8.1 Um safnið

Bókasafnið er staðsett á 1. hæð í nýjasta hluta skólahússins. Safnið er þar í 250 m² húsnæði. Þar er lessalur, tvö hópvinnuherbergi, geymsla inn af afgreiðslu og önnur stærri geymsla. Í lessal eru 24 básar, í hópvinnuherbergjum eru sæti fyrir 20-25 manns auk borða í almenna hluta safnsins. Notendur hafa aðgang að fjórum tölvum og þá býr safnið yfir 40 fartölvum sem eru lánaðar í kennslustundir. Einnig eru vasareiknar og heyrnartól lánuð í kennslustundir. Fyrir framan safnið er prentari og ljósritunarvél. Safnkostur safnsins er skráður í landskerfi bókasafna, Gegni. Starfsmenn bókasafnsins eru tveir, Guðmann Kristþórsson bókasafnsfræðingur og Guðrún Einarsdóttir bókavörður.

8.2 Skólaárið 2023-2024

Opnunartími bókasafnsins er mánudaga-fimmtudaga kl. 8:00-16:00 og föstudaga kl. 8:00-14:00. Alls er safnið því opið 38 tíma í viku. Starfsemi safnsins var með hefðbundnu sniði á skólaárinu.

Safnið tók þátt í samstarfi bókasafna í framhaldsskólum en Samstarfshópur bókasafnsfræðinga í framhaldsskólum hefur starfað í rúm 30 ár. Haldnir eru 3-4 fundir á ári en auk þess heldur hópurinn úti tölvupóstlista.

8.3 Aðföng og safnkostur

Aðföng 2023-2024		Safnkostur	Aðföng 2023-2024	
Bækur	23	16.786	Keypt	24
Myndefni	0	1.142	Aðsent	0
Hljóðefni	0	247	Gjafir	0
Hljóðbækur	0	69	Kennslubækur	0
Annað	0	14		
Afskrifað: 4				
Samtals	23	18.258		
Aðföng - efnisflokkar				
000 Almennt efni	0	500 Raunvísindi		0
100 Heimspeki, sálfræði, siðfræði	2	600 Tækni, vísindi, framleiðsla		4
200 Trúarbrögð	0	700 Listir, skemmtanir, íþróttir		3
300 Samfélagsfræðigreinar	2	800 Bókmenntir		8
400 Tungumál	0	900 Sagnfræði, landafræði og ævisögur		4

Tímaritaáskriftir: 24

Auk þess berast safninu nokkur ókeypis tímarit auk fréttar- og dreifibréfa.

8.4 Útlán

Heimlán: 362

Millisafnalán: 8

Lán innan safns/skóla: 13.523 (haustönn 7.103, vorönn 6.420)

8.5 Erasmus+ ferð til Stokkhólms

Í júní fór forstöðumaður bókasafns í námsferð til Stokkhólms með Samstarfshópi bókasafnsfræðinga í framhaldsskólum. Styrkur til ferðarinnar fékkst í gegnum Erasmus+ aðild skólans. Í ferðinni var farið í tvo framhaldsskóla og tvö almenningabókasafn en auk þess heimsótti hópurinn Sænsku bókasafnasamtökin og menntamálastofnun Svíþjóðar. Tilgangurinn ferðarinnar var að kynna þá sem er að gerast í málefnum bókasafna í Svíþjóð, einkum skólabókasafna. Hjá bókasafnssamtökunum og menntamálastofnun var m.a. rætt um aukna áherslu á hlutverk bókasafna í skólum til að bregðast við minnkandi lestrargetu og bóklestri barna og ungmenna.

Guðmann Kristþórsson forstöðumaður bókasafns tók saman.



Keppendur í söngkeppninni Hljóðnemanum.

9 Skýrsla námsráðgjafa

9.1 Inngangur

Á skólaárinu voru tveir námsráðgjafar starfandi við skólann. Guðrún Jóna Magnúsdóttir var í námsleyfi og Sunna Gunnarsdóttir og Sesselja Bogadóttir hækkuðu stöðuhlutfall sitt þar af leiðandi. Sunna fór úr 86,25% stöðu yfir í 100% og Sesselja fór úr 83,75% stöðu í 100%.

9.2 Verkaskipting námsráðgjafa

Sunna hefur haft umsjón með sérúrræðum fyrir lokapróf á báðum önnum. Sunna var tengiliður Heilsueflandi framhaldsskóla. Eins sá Sunna um Canva auglýsingar fyrir skólann og sinnti Instagram fyrir skólann. Hún situr einnig í eineltisteymi skólans. Sunna tók viðtöl við tilvonandi fornámsnemendur og foreldra þeirra í lok vorannar.

Sesselja hélt utan um skipulagningu Nýnemadagsins sem haldinn var í upphafi haustannar 2023. Sesselja var tengiliður Flugsins sem er samstarfsverkefni FS og Suðurnesjabæjar á skólaárinu. Sesselja situr einnig í eineltisteymi skólans.

Sunna og Sesselja voru báðar með fyrirlestur um ferilskrá fyrir útskriftarnemendur á skólaárinu. Sunna hélt fyrirlesturinn á haustönn og Sesselja á vorönn. Þær hafa báðar haldið utan um greiningar og séð um að uppfæra aðstoðarlistann og koma upplýsingum áfram til kennara varðandi nemendur með dyslexíugreiningar í upphafi beggja anna. Þær sáu um kynningar í 10. bekkjum grunnskóla á Suðurnesjum. Nemendur komu í FS og fengu kynningu á skólanum bæði í húsnæðinu sjálfu og á sal skólans. Boðið var upp á hressingu sem mæltist vel fyrir. Báðar hafa þær haft umsjón með nemendum með lestrarerfiðleika. Báðar tóku þær viðtöl við nemendur á önninni sem virtust vera að slaka á í mætingum og námi og fylgdust námsráðgjafar sérstaklega með nemendum á framhaldsskólabrautum. Auk þess hafa námsráðgjafar haft samband við nemendur í lok anna sem ekki hefur gengið nógu vel í náminu.

Námsráðgjafar aðstoða nemendur varðandi námsval, áhugasviðsgreiningar og töflubreytingar. Námsráðgjafar sáu um að leiðbeina nemendum í námstækni og prófkvíða. Námstækni- og prófkvíðanámskeið eru orðin einstaklingsmiðaðri og því voru ekki sérstök námskeið auglýst heldur komu nemendur til námsráðgjafa og voru einir.

Almenn viðtöl hvort sem þau eru tengd námi eða líðan hafa allir námsráðgjafar sinnt. Námsráðgjafarnir hafa aðstoðað skólaráð og haft samband við nemendur þegar þörf er á. Einnig hafa námsráðgjafar aðstoðað stjórnendur við ýmis verkefni. Þetta er að sjálfsögðu ekki tæmandi hér því ýmis tilfallandi störf koma upp sem þarf að sinna og er reynt að gera það eftir bestu getu.

Námsráðgjafar veittu þeim nemendum úr Grindavík stuðning sem óskuðu eftir því í kjölfar rýmingu bæjarins. Þeir höfðu samband við nemendur sem ekki létu vita af sér og könnuðu stöðu þeirra.

9.3 Viðtöl

Nemendur geta bókað viðtöl á vef skólans eða á skrifstofu og eiga auk þess greiðan aðgang að námsráðgjöfum þegar þeir eru lausir. Þeir sem bóka viðtöl eru oftast nemendur í dagskóla. Talsvert er einnig um að fólk sem er að velta fyrir sér að hefja nám við skólann leiti til námsráðgjafa. Grunnskólanemendur og foreldrar þeirra leita oft til námsráðgjafa á vorin sem og foreldrar nemenda okkar. Það er enn þannig að mikill meirihluti þeirra sem koma til námsráðgjafa eiga ekki bókað viðtal.

Námsráðgjafar sinna oft ráðgjöf og svara fyrirspurnum í síma. Ýmis ráðgjöf og samskipti með tölvupósti eru líka mikil. Nemendur sem hafa stundað nám í skólanum leita til námsráðgjafa meðal annars varðandi val á fjarnámsáföngum í öðrum skólum.

Segja má að langflestir sem koma til námsráðgjafa séu að velta fyrir sér námi og störfum. Mjög margir koma til að fá aðstoð við gerð námsáætlunar. Nokkuð stór hópur kemur vegna stuðnings og er þá ýmist um að ræða stuðning varðandi námið s.s.námstækni, upplýsingar um aðgengi að Hljóðbókasafninu, persónulegra mála eða prófkvíða svo eitthvað sé nefnt.

Fámennur hópur hefur leitað til námsráðgjafa til að fá að taka áhugasviðskönnun. Í vetur, eins og undanfarin ár, höfum við notað áhugasviðskönnunina í leit að starfi en hún byggir á kenningum Holland eins og flestar áhugasviðsgreiningar sem eru í notkun. Áhugasviðsgreiningin, í leit að starfi, er stöðluð miðað við íslenskar aðstæður af Námsmatsstofnun og er miðað við að nemendur hafi náð 18 ára aldri til að útkoman sé marktæk.

9.4 Námsstuðningur

Nemendur sem hafa lestrargreiningu eða annars konar greiningu úr grunnskóla eru hvattir til að skila þeim gögnum til námsráðgjafa strax við upphaf skólagöngu hér. Námsráðgjafar setja inn í athugasemdadálkinn í Innu upplýsingar um nemendur sem hafa ýmiskonar greiningar að höfðu samráði við nemendur, ásamt því að koma öllum greiningum ásamt skjalastjóra í Gopro. Allar upplýsingar er varða nemendur á að varðveita í Gopro. Námsráðgjafar hafa einnig sent póst á alla kennara nemenda með greiningar eins og dyslexíu og aðra námsörðugleika ef nemendur óska eftir því. Einnig er sendur póstur á kennara með leyfi nemenda varðandi sérstök mál sem geta komið upp. Þetta er gert í upphafi hverrar annar og einnig þegar sérstök atvik koma upp.

Námsráðgjafar sjá um að útbúa vottorð fyrir nemendur sem sækja um á Hljóðbókasafnið. Ef grunur um dyslexíu kemur upp og nemandi hefur ekki þegar farið í greiningu reyna námsráðgjafar að meta hvort ástæða sé til greiningar. Nemendum, sem óskað hafa eftir greiningu, hefur þurft að vísa til einkaaðila sem er frekar dýr kostur og því mikilvægt að þessi mál séu skoðuð vel í grunnskóla.

Á haustönn 2023 voru 121 greiningar vegna lesblindu og 86 greiningar vegna ADHD og ADD. Á vorönn 2024 voru 111 greiningar vegna lesblindu en 78 vegna ADHD og ADD. Auk þessara greininga hafa námsráðgjafar upplýsingar um þó nokkurn hóp nemenda sem eiga við einhvers konar námserfiðleika að etja sem tengjast lestri eða ADHD/ADD en hafa ekki skilað inn greiningu.

Nokkrir nemendur hafa greiningu um sértæka námsörðugleika, aðra en lestrarerfiðleika, en þeir fá ekki sérstakan stuðning við sitt hæfi utan þess sem býðst á starfsbraut og í fornámi. Reynt er þó að koma til móts við þá sem þess óska með einstaklingsmiðuðum úrræðum.

Námsráðgjafar koma upplýsingum á framfæri við kennara varðandi nemendur sem hafa greiningar og annað eftir því sem við á og að höfðu samráði við nemendur.

Námsráðgjafar hafa boðið upp á fræðslu og stuðning varðandi námstækni og skipulag í námi. Þó nokkrir hafa nýtt sér þetta en þessi fræðsla hefur farið fram einstaklingslega eða í litlum hóp. Námsráðgjafar hafa einnig veitt nemendum stuðning sem átt hafa við prófkvíðavanda að etja. Nemendur með sértæka námserfiðleika s.s. dyslexíu hafa kost á því að fá prófin lesin upp á MP3- spilara, að fá stækkað letur, að taka próf á tölvu og litaðan pappír svo eitthvað sé nefnt. Margir nemendur hafa nýtt sér þessa þjónustu og virðist þetta gefa góða raun. Allir nemendur hafa kost á því að sitja 30 mínútur lengur í prófum. Nemendum gefst einnig kostur á að taka kaflapróf í einrúmi með námsráðgjafa vegna sérstakra aðstæðna ef þess er óskað og hafa þó nokkrir nemendur nýtt sér það. Námsráðgjafar halda utan um þessar umsóknir en nemendur þurfa að sækja um þessa þjónustu fyrir hvert próftímabil.

Á haustönn 2023 voru 40 nemendur sem sóttu um sérúrræði og á vorönn 2024 voru 24 nemendur sem sóttu sérúrræði í lokaprófum.

Skólaárið 2023 til 2024 var boðið uppá félagsráðgjafabjónustu við skólann þar sem einn félagsráðgjafi var með fasta viðveru í skólanum alla daga frá 8-14. Bókanir fóru fram á skrifstofu skólans eða í gegnum tölvupóst.

9.5 Bekkjakerfi - fornám

Fyrirkomulagi náms var með breyttu sniði þetta skólaár þar sem bekkjakerfi fyrir nemendur á fyrsta ári var til reynslu. Því var ekkert eiginlegt fornám og allir nýnemar byrjuðu í bekk og fengu sinn umsjónarkennara. Námsráðgjafar fóru inn í bekki í valinu og aðstoðuðu nemendur þar. Ákveðið hefur verið að halda bekkjakerfinu áfram í eina önn í stað tveggja. Það verður því fornámshópur á næsta skólaári.

Nemendur sem sækja um í fornám koma í viðtal, ásamt forráðamanni, til Sunnu námsráðgjafa. Þessi viðtöl eru í júní strax að lokinni innritun. Í viðtalinu er fyrirkomulag náms í fornámslínu kynnt. Rætt er um fyrra námsgengi og fyrirhugað nám, áhugasvið og framtíðarvæntingar.

9.6 Starfsbraut

Námsráðgjafar eru í góðu samstarfi við kennara á starfsbraut og funda námsráðgjafar með foreldrum og fagfólki utan FS er varðar nemendur á starfsbraut ef þess er þörf.

9.7 Farsæld

Lög um samþættingu um þjónustu í þágu farsældar barna tóku gildi árið 2022. Innleiðing farsældar gekk vel á skólaárinu. Báðir námsráðgjafar eru tengiliðir farsældarþjónustu í skólanum auk tveggja brautarstjóra starfsbrautar. Tengiliðir héldu fundi reglulega yfir skólaárið og fóru m.a. á fund með félagsþjónustu Reykjanesbæjar. Tengiliðir uppfærðu vef skólans með upplýsingum um farsældarþjónustu. Námsráðgjafar sóttu framhaldsnámskeið fyrir tengiliði í farsældarverkefninu.

9.8 Foreldrasamstarf

Nokkuð er um að foreldrar 10. bekkinga hringi og leiti upplýsinga varðandi val barna þeirra. Foreldrar grunnskólanemenda sem eiga við sértæka námsörðugleika að etja hafa einnig haft samband til að forvitnast um möguleika barna þeirra innan skólans.

9.9 Námskeið og fagfundir

Námsráðgjafar sóttu netfyrirlestur um áhrif af aðgengi barna og ungmenna að klámi á heilsu þeirra og líðan og tengsl þess við ofbeldisforvarnir í janúar. Í febrúar fóru námsráðgjafar á rafrænan fund um forvarnir gegn kynferðislegu og kynbundnu ofbeldi. Auk þess sóttu þær á kynningu Stígamóta á kennarahandbók og verkefninu Sjúk ást. Í júní sótti Sesselja netnámskeiðið „Tímastjórnun og lyklar að vellíðan á vinnustað“.

9.10 Fundir innan skólans

Námsráðgjafar sóttu fundi og námskeið sem í boði voru innan skólans eins og áður. Þann 10. október var netfyrirlestur um stafrænt ofbeldi sem Þórdís Elva Þorvaldsdóttir hélt fyrir nemendur og starfsfólk skólans. Þann 21. nóvember var fundur haldinn á sal skólans fyrir nemendur úr Grindavík vegna rýmingar úr Grindavík þann 10. nóvember. Bóas Valdórsson sálfræðingur úr landsteymi um farsæld barna í skólum var með erindi um áföll og spjallaði við hópinn. Námsráðgjafar, félagsráðgjafi og aðstoðarskólastjóri sóttu fundinn líka. Námsráðgjafar tóku á móti kennara frá Króatíu á vorönn og héldu fund með honum.

9.11 Námskynningar

Á skólaárinu hafa útskriftarnemar á báðum önnum fengið kynningar frá öllum stærstu háskólum landsins. Námsráðgjafar tóku þátt í Starfsgreinakynningu á Suðurnesjum í október. Í apríl var haldin námskynning fyrir nemendur í 10. bekk á Suðurnesjum ásamt foreldrum í sal skólans.

9.12 Töflubreytingar og fleiri störf

Í upphafi og lok anna hafa námsráðgjafar aðstoðað við ýmis tilfallandi störf eins og töflubreytingar, að slá inn val og annað sem tilheyrir þessum annatímum. Þeir hafa einnig verið að leiðrétta námsferla, leiðrétta fyrir fall í lok annar og að innrita nýnema og eldri nemendur inn í skólann.

Sunna Gunnarsdóttir og Sesselja Bogadóttir náms- og starfsráðgjafar tóku saman.

10 Skýrsla félagsráðgjafa

10.1 Inngangur

Hér verður gerð grein fyrir lykiltölum viðtala hjá félagsráðgjafa Fjölbrautaskóla Suðurnesja fyrir skólaárið 2023-2024. Samantektinni er ætluð að veita innsýn í þjónustuna sem felur í sér að mæta nemendum sem glíma við tilfinninga- og félagslegan vanda og þurfa aðstoð með sín mál auk umfangs hennar.

Starf félagsráðgjafa innan skólans er enn mörgum óljóst og því var haldið áfram að kynna þjónustuna sem best fyrir nemendum, foreldrum og starfsfólki skólans. Við upphaf skólaárs var sendur út tölvupóstur á alla nemendur skólans og starfsfólk auk þess sem þjónustan var áfram auglýst á upplýsingaskjám. Lagt var upp með að hafa starf félagsráðgjafa sýnilegt og aðgengi gott. Nemendur gátu sjálfir óskað eftir viðtali í gegnum vef skólans, sent félagsráðgjafa tölvupóst eða SMS og komið við á skrifstofu hans. Einnig gátu foreldrar haft samband og óskað eftir viðtali auk kennara, náms- og starfsráðgjafa, starfsmanna skólans ásamt öðru fagfólki. Viðtölin voru í langflestum tilvikum staðviðtöl en einnig var hægt að óska eftir símaviðtali. Grein sem bar heitið „Líðan framhaldsskólanema og farsæld þeirra“ var birt í Víkurfréttum og á vef þeirra í byrjun október til að vekja athygli á líðan ungmenna og þjónustu félagsráðgjafa innan skólans.

Þjónustubörf nemenda var ólík og mætti ráðgjöfin þörfum meirihluta þeirra. Þörf var á sérhæfðari þjónustu s.s. sálfræðiþjónustu á vegum Heilbrigðisþjónustu Suðurnesja eða hjá einkareknum stofum, félagsþjónustu sveitarfélaganna og Landsspítalanum. Samstarf var gott við aðra þjónustuaðila, sérstaklega innan geðheilbrigðisgeirans og félagsþjónustunnar og aðgengi greiðlegt.

10.2 Skipulag þjónustu


Félagsráðgjafi skólans bíður nemendum sem eiga í félagslegum, námslegum og/eða tilfinningalegum vanda upp á einstaklingsviðtöl og er áhersla lögð á að valdefla nemendur og vinna að lausnamiðaðri nálgun. Hverjum nemanda er mætt þar sem hann er staddur, með hagsmuni hans og heildarsýn að leiðarljósi þannig að unnið sé í samhengi við umhverfi hans og tengsl. Foreldrar og forráðamenn nemenda geta einnig óskað eftir ráðgjöf í tengslum við hagsmuni og líðan nemenda.

Þjónusta félagsráðgjafa er nemendum að kostnaðarlausu. Tilgangur hennar er fyrst og fremst að stuðla að almennri velferð og góðri líðan, greina vanda, veita stuðning og ráðgjöf og vísa nemendum á viðeigandi þjónustu eða beina áfram þar sem það á við. Þverfagleg samvinna er á meðal aðila innan skólans og utan. Ástæður fyrir þjónustu eru margvíslegar svo sem að byggja sig upp andlega, efla sjálfstraust og sjálfsöryggi, greina styrkleika og auka seiglu ásamt því að draga úr áhrifum ýmissa hindrana sem standa í vegi fyrir því að nemendur nái markmiðum sínum. Viðtalstímar eru yfirleitt 50 mínútur en geta verið styttri eða lengri þar sem við á.

Um áramótin 2023/2024 var starfshlutfall félagsráðgjafa við skólann aukið úr 50% í 80% enda ljóst að þörfin er til staðar sé tekið mið af þeim fjölda nemenda sem nýttu sér þjónustuna, sjá nánar í eftirfarandi lykiltölum.


10.3 Lykiltölur

Á skólaárinu 2023-2024 bárust beiðnir um viðtöl hjá félagsráðgjafa fyrir 107 nemendur og skiptist þannig; 44 frá nemendum sjálfum, 20 frá foreldrum, 14 frá kennurum og öðru starfsfólki skólans, 11 frá starfsbrautarstjóra, 2 frá náms- og starfsráðgjöfum skólans, 3 frá Geðteymi HSS, 1 frá Sálfræðistofu Suðurnesja, 1 frá Félagsþjónustu Grindavíkur og 11 frá áfangastjóra í kjölfar fundar skólaráðs. Kynjahlutfall nemenda skiptist þannig að drengir voru 41% og stúlkur 59%. Langflestar beiðnir bárust fyrir nemendur fæddum 2007, sjá á mynd 1.



Mynd 1. Aldursdreifing nemenda sem beiðnir bárust fyrir.

Fleiri viðtalsbeiðnir bárust á haustönn 2023, sjá mynd 2. Í kjölfar beiðna var nemendum boðið viðtal og af þessum 107 beiðnum sem bárust mættu sex nemendur ekki í boðað viðtal og þrír drógu beiðni um viðtal til baka. Öllum nemendum sem mættu í viðtal voru boðnir fastir viðtalstímar og mættu alls 98 nemendur í viðtal á skólaárinu. Reynt var að hafa biðtíma eftir viðtölum stuttan og var hann í flestum tilvikum fáeinir dagar. Fjöldi viðtala við hvern nemanda var misjafn, allt frá einu upp í 19 allt eftir eðli og vinnslu máls en meðalfjöldi viðtala voru 3,6. Alls óskuðu sex foreldrar eftir foreldraráðgjöf og kom hvert þeirra í eitt viðtal.



Mynd 2. Fjöldi viðtalsbeiðna eftir mánuði.


Ástæður viðtalsbeiðna voru margvíslegar og þjónustuþörf mismikil. Til að kortleggja nánar líðan og stöðu nemenda voru sjálfsmatslistarnir *Depression and Anxiety Stress Scale* (DASS), *Patient Health Questionnaire* (PHQ-9), *Generalized Anxiety Disorder* (GAD-7), *Revised Children's Anxiety and Depression Scale* (RCADS), *Children's Depression Inventory* (CDI), *Social Interaction Anxiety Scale* (SIAS), *Social Phobia Scale* (SPS) og *Sjálfsmatskvarði Robsons* (SCQ) lagðir fyrir nemendur auk þess sem stuðst var við viðtalsskimun *Adverse Childhood Experiences* (ACEs). Við skráningu og flokkun meginástæðna var þeim skipt niður í fjóra þætti, út frá mati nemenda og félagsráðgjafa. Þrátt fyrir eftirfarandi skiptingu er töluverður samsláttur margra þátta í stórum hluta tilfella enda vandi nemenda oft fjölþættur og ekki einskorðaður við einn ákveðinn þátt.

1. Depurð/vanlíðan
2. Kvíði
3. Félagslegir þættir m.a.
 - Veikt stuðningsnet
 - Erfiðar fjölskylduaðstæður
 - Séraðstæður nemenda úr Grindavík
 - Einmanaleiki
 - Fjárhagslegir erfiðleikar
4. Annað
 - Brotin sjálfsmynd
 - Samskiptavandi
 - Skortur á seiglu



Kahoot-keppni í undankeppni Starfshlaupsins.

Í 21% tilvika mátti rekja helstu ástæðu fyrir komu til depurðar/vanlíðan, 18% til kvíða, 34% til félagslegra þátta og í 27% tilvika var ástæðan önnur. Þjónustubörf flestra nemenda var mætt með viðtölum hjá félagsráðgjafa. Í 24% tilvika var þörf á sérhæfðari þjónustu samhliða viðtölum eða í framhaldi af þeim. Samtals var 18% nemenda vísað í sálfræðiþjónustu og í 6% tilvika var þörf fyrir aðkomu annarra sérfræðinga s.s. innan félagsþjónustunnar, heilsugæslunnar, Landspítalans og Velferðarsjóðs Keflavíkurkirkju.



Mynd 3. Yfirlit yfir helstu ástæður fyrir komu til félagsráðgjafa.

Í ár var ákveðið að bjóða, líkt og síðastliðið vor, öllum nemendum 10. bekkjar á Suðurnesjum sem hyggjast stunda nám í skólanum næstkomandi skólaár og glíma við tilfinningavanda s.s. kvíða að koma í viðtal hjá félagsráðgjafa skólans, bæði til að ræða um líðan sína og einnig til að mynda tengsl. Það getur reynst sumum erfitt skref að hefja nám í nýju umhverfi innan um nýtt starfsfólk og nýja nemendur.

Þann 15. apríl var tölvupóstur sendur á alla grunnskóla Suðurnesja þar sem þjónustan var kynnt. Pósturinn var endursendur viku síðar til þeirra skóla sem höfðu ekki svarað fyrri pósti til að ganga úr skugga um að upplýsingarnar hefðu örugglega komist til skila. Af þeim 11 skólum sem pósturinn barst til nýttu nemendur 10 þeirra sér þjónustuna. Alls óskuðu 11 foreldrar eftir viðtali fyrir barn sitt, 1 aðstoðarskólastjóri og 1 deildarstjóri fyrir hönd eins nemanda þeirra samtals 13 nemendur. Að auki óskaði einn náms- og starfsráðgjafi eftir viðtali fyrir nemanda í ágúst um leið og skólinn hefst.

Einnig var nemendum á Tölvuleikjabraut Menntaskólans á Ásbrú boðið að koma í viðtal til félagsráðgjafa þar sem brautin mun flytjast yfir til skólans næstkomandi haust og gæti tilhugsun um yfirvofandi flutning reynst einhverjum erfiður. Alls mættu 5 nemendur í viðtal, 1 beiðni barst frá nemendum sjálfum, 2 frá foreldri og 3 fyrir milligöngu náms- og starfsráðgjafa Keilis.

10.4 Samantekt

Þjónusta félagsráðgjafa innan skólans hefur nú verið í boði í eitt og hálft ár og var áfram kynnt með ýmsum hætti s.s. í tölvupóstum, á upplýsingaskjám, á vef skólans og með greinaskrifum í Víkurfréttir til að reyna að ná til sem flestra. Mikilvægt er að þjónustan sé nemendum aðgengileg og hluti af skólaumhverfinu svo þeir veigri sér ekki við að leita aðstoðar.

Alls bárust 107 beiðnir um þjónustu á skólaárinu sem gefur vísbendingu um þörfina. Vonir standa til að þegar meiri reynsla verður komin á þjónustuna auk áframhaldandi kynningar eigi það eftir að skila sér enn frekar til þjónustuþega, enda markmiðið að ná til flestra. Ef líðan nemenda er ekki góð getur hún haft áhrif á námsárangur þeirra og skólasókn. Í slíkum tilfellum getur reynst gagnlegt að leita eftir faglegri ráðgjöf og fá stuðning til að vinna með þær hindranir sem nemendur standa frammi fyrir hverju sinni.

Ástæður fyrir komu til félagsráðgjafa voru fjölbættar og einskorðust oftast ekki við einn einstakan þátt heldur samþættuð áhrif tilfinningalegra, persónulegra, félagslegra og umhverfisþátta. Þættirnir eiga það sameiginlegt að hafa ekki einungis áhrif á líðan nemenda heldur einnig stöðu, þroska og tækifæri til náms. Þannig nýtist hugmyndafræði heildarsýnar til að fá betri yfirsýn varðandi líðan og aðstæður nemenda til að greina betur þá þætti sem umlykja hann og valda ójafnvægi en einnig að horfa á vernandi ytri þætti sem geta eft þá innri s.s. sjálfstraust og trú á eigin getu. Með seiglu að vopni tekst þeim betur að takast á við mótlæti, yfirstíga hindranir og efla eigin eiginleika s.s. styrkleika. Þjónusta félagsráðgjafa innan skólans miðar því ekki eingöngu við að aðstoða nemendur til að komast yfir tímabundnar hindranir og/eða áskoranir heldur er hún einnig liður í frekara forvarnarstarfi og snemmtækum stuðningi á þessu mikilvæga þroskaskeiði.

Rannveig Sigríður Ragnarsdóttir félagsráðgjafi tók saman.

11 Skýrsla alþjóðafulltrúa

11.1 Inngangur

Skólinn tekur þátt í fjölbreyttu erlendu samstarfi og hefur það aukist jafnt og þétt undanfarin ár. Skólinn sótti um aðild að Erasmus+ áætluninni haustið 2022 og fékk samþykktu aðild bæði í almennum skólahluta (leik-, grunn- og framhaldsskólastig) og starfsmenntahluta vorið 2023. Aðild að Erasmus+ áætluninni felur í sér samkomulag milli skólans og Landsskrifstofu Erasmus+ sem tryggir skólanum fjármagn til evrópsks samstarfs árin 2023-2027.

11.2 Haustönn

Í byrjun október komu nemendur og kennarar frá sex skólum í heimsókn í Erasmus+ verkefninu „Media and Information Literacy: Learning to Think Critically“. Hópurinn samanstóð af 24 nemendum og 13 kennurum frá Lettlandi, Ítalíu, Króatíu, Tyrklandi og Portúgal. Heimsóknin stóð yfir í viku og var mjög vel lukkuð. Í verkefninu eru einnig 26 nemendur FS sem einnig tóku þátt í dagskránni. Kennarar skipulögðu vinnustofur þar sem nemendur lærðu um fjölbreytt mál sem tengjast fjölmiðlalæsi, nemendur kynntu sögu fjölmiðla í sínu heimalandi og haldnar voru kappræður sem nemendur í málfundafélaginu Kormáki stýrðu með miklum glæsibrag. Umræðuefnið var: „Are Social Media Reliable?“ Unnur Freyja Víðisdóttir frá fjölmiðlanefnd kom til okkar og ræddi við hópinn um miðlalæsi. Dagskráin var þétt en sem dæmi má nefna heimsókn til RÚV þar sem hópurinn fræddist um sögu og starfsemi Ríkisútvarpsins og fékk meðal annars að spreyta sig í fréttastúdíóinu. Harpa Kristín Einarsdóttir, Ásta Svanhvít Sindradóttir, Bryndís Garðarsdóttir og Hulda Egilsdóttir standa að þessu verkefni og sjá um skipulagningu þess.

Í nóvember fóru fjórir nemendur og tveir kennarar til Istanbul í Tyrklandi í Erasmus+ verkefninu „Media and Information Literacy: Learning to Think Critically“ en þar var um að ræða þriðju ferðina í þessu verkefni og eru tvær eftir á vorönn. Kennarar í ferðinni voru Bryndís Garðarsdóttir og Hulda Egilsdóttir.

Kristjana Hrönn Árnadóttir og Lilja Dögg Friðriksdóttir fóru einnig í ferðalag í nóvember með sex nemendur. IES Gabriel Miró skólinn í Orihuela á Spáni var heimsóttur sem hluti af nýju litlu Erasmus+ verkefni sem byggist á eldra samstarfi við vini okkar þar og í Ungverjalandi.

11.3 Vorönn

Í febrúar fóru sex nemendur og þrír kennarar til Zagreb í Króatíu í Erasmus+ verkefninu „Media and Information Literacy: Learning to Think Critically“ en þar var um að ræða fjórðu ferðina í þessu verkefni.

Í mars var mikið um að vera í erlendu samstarfi í skólanum. Tvær stórar heimsóknir í tveimur mismunandi verkefnum voru í gangi á sama tíma í byrjun mars. Í báðum þessum verkefnum er um gagnkvæmar heimsóknir að ræða þar sem gestirnir gista á heimilum nemenda í FS og dvelja hjá þeim eina kennsluviku. Skipulögð dagskrá er alla vikuna og taka bæði nemendur frá FS og gestakólanum þátt í henni. Dæmið snýst svo við þegar okkar nemendur fara út og gista á heimilum gestanna og taka þátt í dagskrá þar.

Annars vegar komu átta nemendur og þrír kennarar í heimsókn frá einum virtasta framhaldsskóla Króatíu, Vladimir Prélog raungreinaskólanum í Zagreb. Dagkráin var með áherslu á jarðfræði, tækni og sköpun, nýtingu vatnsafls og jarðvarma og íslenska náttúru.



Hópur nemenda ásamt kennurum í Eger í Ungverjalandi.

Hin heimsóknin var frá Ungverjalandi og komu hingað sex nemendur og einn kennari frá Andrassy skólanum í Eger. Þema dagskránnar voru bókmenntir, þjóðsögur og íslensk menning. Heimsókn íslensku gestgjafanna til Ungverjaland var farin strax í apríl en þá fóru þeir sex nemendur sem tóku móti gestunum frá Ungverjalandi til Eger ásamt tveimur kennurum, þeim Kristjönu Hrönn Árnadóttur og Lilju Dögg Friðriksdóttur, og kynntust sögu og menningu Ungverjaland. Ferð okkar fólks til Króatíu verður farin næsta haust og er undirbúningur í fullum gangi.

Nemandi af sjúkraliðabraut fór í þrjár vikur í starfsnám til Danmerkur í mars og kennari af sjúkraliðabraut FS, Sigríður Rós Jónatansdóttir, var með fyrstu vikuna, ekki síst til að mynda tengsl við skóla og vinnustaði á svæðinu. Í apríl fengum við svo heimsókn frá skólum sem hún hafði heimsótt og áform eru uppi um áframhaldandi samstarf í framtíðinni.

Þess má einnig geta að í vetur hefur skiptinemi frá Belgíu, Abderahmen Chnitir, stundað nám við skólann. Hann er hér á vegum AFS og Erasmus+ í samskonar samstarfi og FS býður nemendum sínum upp á en nemendur okkar geta sótt um að fara í skiptinám með AFS á Erasmus+ styrk og því án þess kostnaðar sem venjulega fylgir slíku og fóru þrír nemendur frá FS í skiptinám í haust á slíkum styrk. Kennarar úr skóla Abderahmen í Belgíu og starfsmenn AFS komu í heimsókn til okkar í lok apríl.

Stærðfræðikennarar skólans lögðu land undir fót í apríl og heimsóttu Vladimir Prélog raungreinaskólanum í Zagreb. Þar fræddust þær um stærðfræðikennslu, nýtingu tækni í kennslu og almennt um skólastarf í þessum skóla og skólakerfið í Króatíu. Í ferðina fóru Inga Lilja Eiríksdóttir, Þjóðbjörg Gunnarsdóttir, Hildur Guðjónsdóttir, Elín Rós Bjarnadóttir og Margrét Alda Sigurvinsdóttir.

Í maí fóru fjórir nemendur og tveir kennarar til Zagreb í Króatíu í Erasmus+ verkefninu „Media and Information Literacy: Learning to Think Critically“ en þar var um að ræða fimmtu og síðustu ferðina í þessu umfangsmikla verkefni. Kennarar í ferðinni voru Bryndís Garðarsdóttir, Ásta Svanhvít Sindradóttir og Harpa Kristín Einarsdóttir. Nú stendur yfir vinna við gerð námsefnis um upplýsinga- og fjölmiðlalæsi og gagnrýna hugsun sem gefið verður út í haust og verður það í boði á netinu á ensku og öllum tungumálum samstarfslandanna sex kennurum að kostnaðarlausu.

Fimm nemendur úr hárgreiðslu ásamt tveimur kennurum fóru í starfspjálfun og námsferð til Sevilla á Spáni í maí. Hópurinn dvaldi í 12 daga á Spáni og nemendur störfuðu á hársnyrtistofum og öðlaðist mikilvæga reynslu. Kennarar í ferðinni voru Ásdís Björk Pálmadóttir og Íris Jónsdóttir.

Tveir kennarar sóttu vikulöng námskeið í maí á Erasmus+ styrk. Margrét Alda Sigurvinsdóttir fór á námskeið um gróskuhugarfar (Growth Mindset) í Ljubljana í Sloveníu á Erasmus+ styrk en Bragi Einarsson fór á margmiðlunarnámskeið í Dublin á Írlandi (Photo and Video Making in your Classroom: the Educational Power of Multimedia).

Í júní fóru þrír kennarar á vikulöng námskeið erlendis á Erasmus + styrk. Anna Kristjana Egilsdóttir sótti námskeið um gervigreind (Artificial Intelligence for Education: Exploring the Frontiers of ICT) á Möltu og Ásta Svanhvít Sindradóttir og Harpa Kristín Einarsdóttir fóru á námskeið í Split í Króatíu um streitu, kulnun og hvernig draga má úr streitu og ná betra jafnvægi í lífi og starfi (Stress Management and Burnout Prevention).

Ívar Valbergsson sótti ráðstefnu í Varsjá í Póllandi í júní um nýtingu gervigreindar í verk- og starfsnámi á vegum Uppbyggingarsjóðs EES "Empowering Tomorrow's Workforce: Exploring AI and Future Tech in VET and C-VET".

Í ágúst fóru Anna Karlsdóttir Taylor og Bryndís Garðarsdóttir á styrk frá SEF (samtök um endurmenntun framhaldsskólakennara) á vikulangt námskeið á Krít um gervigreind og sköpun í skólanstofunni (Artificial Intelligence & Creativity in the Classroom).

Harpa Kristín Einarsdóttir alþjóðafulltrúi tók saman.



Nemendur og kennarar úr sex erlendum skólum heimsóttu FS í október.

12 Skýrsla matsnefndar

12.1 Inngangur

Skólaárið 2023-2024 skipuðu þrír kennarar Matsnefnd FS, þeir Guðmundur Grétar Karlsson, Haukur Ægisson og Garðar Þór Garðarsson ásamt aðstoðarskólameistara Guðlaugu Pálsdóttur. Hópurinn hittist reglulega yfir skólaárið en unnið er samkvæmt sjálfsmatshring sem er endurskoðaður árlega. Sumir þessir þættir eru skoðaðir á hverri önn en aðrir á nokkurra anna fresti. Sjálfsmatshringurinn er aðgengilegur á [vef skólans](#).

Helstu verkefni Matsnefndar á haustönn 2023

1. Kennslumat þar sem kennsla í áföngum u.þ.b. 16 kennara var metinn.
2. Mat á einkunnadreifingu og brotthvarfi í áföngum.

Helstu verkefni Matsnefndar á vorönn 2024

1. Kennslumat þar sem kennsla í áföngum u.þ.b. 16 kennara var metinn.
2. Viðhorfskönnun á meðal nemenda
3. Mat á einkunnadreifingu og brotthvarfi í áföngum.

12.2 Kennslumat

Reglulegt kennslumat var lagt fyrir á haustönn 2023 og vorönn 2024. Kennslumatið var lagt fyrir rafrænt í gegnum INNU og að þessu sinni var matið lagt fyrir alla hópa 16 kennara á vorönn og haustönn. Þeir kennarar fóru síðan í starfsmannaviðtöl þar sem niðurstöður kennslumats voru lagðar til grundvallar. Kennslumatið var yfir þeim viðmiðum sem skólinn hefur sett sér í stefnumiðaðri áætlun 2024-2025 en þó var matið undir viðmiðum í fullyrðingunni Mér líður vel í þessum áfanga á vorönn 2024. Var svarhlutfall 85% á haustönn og 82% á vorönn. Var kennslumatinu fylgt markvisst eftir á meðan á því stóð og fóru fulltrúar í matsnefnd í stofur til að fylgja matinu eftir í hverjum áfanga og getur það útskýrt gott svarhlutfall. Helstu niðurstöður má sjá í töflu 1.


 Könnun á kennslu og kennsluháttum í Fjölbrautaskóla Suðurnesja skólaárið 2024-2025				
Vinsamlegast taktu afstöðu til eftirfarandi fullyrðinga með því að merkja í viðeigandi reiti		Haut 23	Haut 24	Viðmið
1	Ég sinni náminu vel í þessum áfanga	4,13	4,12	
2	Kennarinn er stundvís	4,45	4,24	
3	Ég tel að kennarinn undirbúi kennslustundir vel	4,51	4,32	
4	Kennarinn hlustar á spurningar nemenda og bregst við þeim á jákvæðan hátt	4,44	4,2	
5	Kennarinn fylgir náms- og kennsluáætlun og lætur mig vita ef hún breytist	4,42	4,26	
6	Ég er sátt/ur við framkomu kennarans	4,45	4,19	
7	Í þessum áfanga er góður vinnuandi	4,22	4,05	
8	Ég fæ leiðbeinandi mat um stöðu mína og vinnu í þessum áfanga	4,1	3,98	
9	Kennarinn hvetur nemendur í þessum áfanga til að hugsa á gagnrýnninn hátt	4,27	4,03	
10	Próf og/eða verkefni áfangans eru í samræmi við áherslur í yfirferð	4,3	4,18	
11	Mér finnast útskýringar kennarans góðar	4,29	4,07	
12	Kennarinn hefur samráð við nemendur um fyrirkomulag, t.d. prófa og verkefna	4,33	4,15	
13	Kennarinn hvetur mig áfram í náminu	4,17	3,96	3,8
14	Kennarinn hrósar mér fyrir það sem ég geri vel	4,12	3,95	3,8
15	Kennarinn beitir fjölbreyttum kennsluaðferðum	4,08	3,85	
16	Kennarinn nýtir kennslustundir vel til kennslu	4,46	4,33	
17	Mér líður vel í þessum áfanga	4,28	4,06	4,25
Meðaltal allra spurninga		4,3	4,11	

Tafla 1. Spurningalisti kennslumats og meðaltal úr mati nemenda.


Í kjölfar kennslumats fara kennarar svo í starfsmannaviðtal hjá skólameistara eða aðstoðarskólameistara þar sem niðurstöður kennslumatsins eru ræddar og farið yfir sjálfsmat sem kennarar gera fyrir viðtalið.

12.3 Viðhorfskönnun meðal nemenda

Í lok mars var gerð viðhorfskönnun meðal nemenda um ýmsa þætti sem tengjast skólastarfinu. Svöruðu 476 nemendur könnuninni. Dæmi um spurningar voru t.d. hvort nemendur væru ánægðir að vera í FS, hvernig félagslífið skólanum væri og hvernig þeim fannst takast til með uppbrotsdag. Almenn er mikil ánægja með félagslífið í skólanum og hvernig uppbrotsdagurinn tókst til. Nemendur eru mjög ánægðir að vera í FS og félagslíf er gott eða mjög gott að mati flestra.




Mynd 1. Svör úr viðhorfsskönnun „Ég er ánægð/ur í FS“.




Mynd 2. Svör úr viðhorfsskönnun „Félagslífið í skólanum er“.

Aðspurð hvernig hvort nemendur væru að vinna með skóla þá eru 56% þeirra sem svara spurningunni hvort þau ynnu með skóla. Á mynd 3 má sjá hve mörgum tímum nemendur sem vinna með skóla verja til vinnu í vikunni fyrir könnun.



Mynd 3. Svör úr viðhorfskönnun
„Hvað vannstu margar klukkustundir í síðustu viku með skóla“.

Að lokum var spurt um hve mörgum tímum þau eyddu í heimanám í síðustu viku og eru langflestir sem eyða 1 - 5 klst í heimanám í þeirri viku. Sjá mynd 3



Mynd 4. Svör úr viðhorfskönnun
„Hve mörgum klukkustundum í síðustu viku eyddir þú í heimanám“.

12.4 Mat á einkunnadreifingu og brotthvarfi í áföngum

Farið er yfir einkunnadreifinguna og brotthvarf í áföngum hverrar annar með kennurum á fundum og niðurstöður ræddar. Uppleggið er að reyna að komast að því hvort eitthvað óeðlilegt hafi verið í gangi og hvort það þurfi eitthvað bregðast við í áföngum fyrir næstu önn varðandi skipulag kennslu, námsefni og námsmat.

12.5 Mat á bekkjakerfi

Á vormánuðum var gerð úttekt á bekkjakerfi sem var tilraunaverkefni til eins árs. Matsnefnd ákvað að fara inn í alla bekki og ræða við nemendur. Hún hélt líka rýnifundi með kennurum sem höfðu kennt í bekkjakerfinu á haustönninni. Rafræn könnun var send á nemendur á fyrsta ári og þeir spurðir út í upplifun þeirra af bekkjakerfinu. Einnig var send út könnun á kennarahópinn og þeir spurðir hvort hvernig þeir sæju framhaldið með bekkjakerfið.

Í umræðum við nemendur kom fram þau áttu auðveldara með tengjast og kynnast fleirum í bekknum. Þeim fannst ákveðið öryggi að vera með fólki sem þau þekktu þegar þau voru að kynnast kerfinu. Matsnefndin er sammála því að yfirhöfuð voru nemendur ánægðir með bekkjakerfi. Helstu gallar sem nemendur nefndu var að kynjaskipting mætti vera jafnari, þau upplifðu minna frelsi í áfangavali, stundum væru agavandamál í bekkjunum og ef þau féllu í áfangar myndu allir vita það. Í rafrænni könnun sem var send var á nemendur kom fram að yfirgnæfandi nemenda hafði kynnst einhverjum í bekknum (92%) og flestum leið mjög vel eða vel (86%). Um 74% nemenda sögðust geta sagt skoðun sína í bekknum.

Í rýnihópi kennara voru skiptari skoðanir um bekkjakerfið. Þar töluðu kennarar um að nemendur áttu auðveldara með að mynda tengsl og drífa hvert annað áfram. Auðveldara var fyrir umsjónarkennarann að nálgast þá nemendur sem hann kenndi sjálfur og nemendur leituðu frekar til hans. Nemendum liði betur, spennan væri minni og hægt að grípa inn í ef eitthvað kom upp á.

12.6 Stofnun ársins

Fjölbrautaskóli Suðurnesja varð í 1. sæti í flokki stórra stofnana í könnuninni Stofnun ársins á vegum Sameykis og var þetta annað árið í röð sem skólinn er í efsta sæti í þessum flokki. Stærðarflokkarnir eru stofnanir með færri en 40 starfsmenn, stofnanir með 40-89 starfsmenn og stofnanir með 90 eða fleiri starfsmenn. Fimm efstu stofnanir í hverjum flokki hljóta titilinn Fyrirmyndarstofnun og fékk skólinn þann titil nú í 8. sinn á síðustu tíu árum. Heildareinkunnin var 4,35 en hún var 4,46 fyrir árið á undan og hækkaði um 0,09 á milli ára. Þeir þrír þættir sem skoruðu hæst voru Ánægja og stolt, jafnrétti og starfsandi. Þeir þættir sem skoruðu lægst voru launakjör, sveigjanleiki vinnu og ímynd stofnunnar.

12.7 Lokaorð

Eins og sjá má af lestri þessarar skýrslu er margt jákvætt í skólastarfinu og sóknarfærin eru mörg. Það gildir jafnt um að bæta það sem þarf að bæta og halda áfram því sem gengur vel og gera jafnvel enn betur. Þau atriði eru lögð fram í umbótaáætlun skólans. Matsnefnd mun halda áfram að fylgja eftir markvissu mati á innra starfi skólans og fylgja umbótum vel eftir.

Guðmundur Grétar Karlsson tók saman.



Stjórnendur taka við viðurkenningu fyrir Stofnun ársins.

13 Skýrsla forvarnafulltrúa

Eftirfarandi flokkast undir starf forvarnafulltrúa:

- Aðstoðar félagslífsfulltrúa og stjórn NFS við skemmtanir
- Forvarnir gegn áfengis- og vímuefnanotkun
- Samtakahópurinn
- Viðtalstími
- Lýðheilsuráð FS

13.1 Störf tengd skemmtunum og viðburðum NFS

Nemendafélagið hefur verið virkt í vetur. Nemendafélagið hélt nokkur skemmtikvöld og í öllum tilfellum gengu þau vel án þess að forvarnafulltrúi hafi þurft að skipta sér af nemendum.

Þrjú skólaböll voru á skólaárinu, tvö á haustönn og eitt á vorönn og fóru þau öll vel fram. Forvarnar- og félagslífsfulltrúi vinna náið saman á böllum og hefur lögregla verið sýnileg á öllum böllum í vetur. Hlutverk forvarnafulltrúa á böllum hefur verið að grípa inn í ef nemendur verða uppvísir að ölvun. Forvarnafulltrúi hringir heim til nemenda ef þeir eru undir 18 ára og upplýsir foreldra/forráðamenn og lætur sækja þá nemendur. Nemendum yfir 18 ára er vísað út af böllum og þeim komið heim eftir öðrum leiðum.

Eftir árshátíðarball á vorönn var skerpt á verklagi forvarnafulltrúa hvað varðar skemmtanabönn hjá nemendum sem hafa orðið uppvísir að því að brjóta reglur á böllum og var því fylgt eftir. Eins kom upp sú staða að áfengismælir á árshátíðarballinu virkaði ekki sem skyldi og hefur því verið óskað eftir að kaupa tvo nýja áfengismæla til að hafa á böllum næsta vetur. Oft hefur myndast löng röð nemenda eftir að blása og því þykir nauðsynlegt að vera með fleiri en einn mæli á böllum.

Nemendafélagið hélt Hljóðnemann sem fór vel fram en átta keppendur tóku þátt og nokkur fjöldi nemenda mætti á sal skólans til að hvetja. Forvarnafulltrúi var á staðnum og þurfti ekki að hafa afskipti af nemendum.

Málfundarfélagið Kormákur tók þátt í Morfís ræðukeppni í vetur. Ein keppni var haldin í FS og var forvarnafulltrúi viðstaddur. Keppnin fór vel fram og án íhlutunar forvarnafulltrúa fyrir utan að benda dómara á að óheimilt væri að nota nikótínvörur innan veggja skólans.

13.2 Forvarnir gegn áfengis- og vímuefnanotkun

Forvarnarstarf tengist mikið skemmtunum og viðburðum sem NFS heldur og hefur verið komið inn á í kaflanum hér að ofan. Í daglegu skólastarfi í FS kemur fyrir að nemendur gerast brotlegir vegna rafrettunotkunar og notkunar á nikótínþúðum. Forvarnarfulltrúi hefur þurft að hafa afskipti af nemendum og látið skrá í athugasemdir í Innu hjá nemendum sem hafa gerst brotlegir. Forvarnarfulltrúi hefur reynt að vera sýnilegur á göngum skólans og í Miðgarði þegar tækifæri gefst. Ítrekuð brot nemenda undir 18 ára eru tilkynnt foreldrum/forráðamönnum og rætt er við nemendur sem eru eldri en 18 ára. Lítið hefur verið um ítrekuð brot nemenda á notkun rafrettna.

13.3 Samtakahópurinn

Forvarnarfulltrúi FS á sæti í Samtakahópnum sem hittist reglulega yfir skólaárið. Fundir Samtakahópsins eru oft haldir á kennslutíma sem gerir erfitt fyrir forvarnarfulltrúa að sækja þá en forvarnarfulltrúi hefur sótt einn fund á skólaárinu.

13.4 Forvarnir í framhaldsskólum

Forvarnarfulltrúi FS hefur í vetur setið fjarfundi með öðrum forvarnarfulltrúum framhaldsskóla á landinu þar sem ýmis mál hafa verið rædd tengt forvörnum í framhaldsskólum.

13.5 Viðtalstími

Forvarnarfulltrúi FS er alltaf til taks þegar þörf er á.

13.6 Forvarnardagur

Forvarnarfulltrúi og námsráðgjafi tóku þátt í að skipuleggja forvarnardag sem haldinn er fyrsta miðvikudag í október hvert ár fyrir nemendur á 1. ári í framhaldsskóla. Umsjónarkennarar fóru yfir glærur í umsjónartíma á haustönn og stýrðu umræðum um þætti er tengjast fyrirbyggjandi aðgerðum á sviði forvarna með umsjónarnemendum sínum.

Lilja Dögg Friðriksdóttir forvarnarfulltrúi tók saman.

14 Skýrsla félagslífsfulltrúa

14.1 Inngangur

Helsta hlutverk félagslífsfulltrúa er að vera stjórnarmeðlimum nemendafélags skólans innan handar varðandi ýmsar ákvarðanatökur, aðstoða við gerð fjárhagsáætlana og viðburðadagatala, og hafa milligöngu um samskipti við skólastjórnendur. Félagslífsfulltrúi fundar reglulega með nemendafélaginu.

Félagslífsfulltrúi er viðstaddur allar upptökur á vegum nemendafélagsins. Hann á í miklu samstarfi við forvarnarfulltrúa, bæði varðandi böll og aðrar skemmtanir.

14.2 Skólaárið 2023-2024

Í upphafi skólaársins var haldin nýnemavika þar sem ýmsar upptökur voru haldnar til að bjóða nýnema velkomna í skólann. Sett var upp sápuvatnsrennibraut þar sem nemendur skemmtu sér við að renna sér í afar fallegu veðri. Á nýnemaskemmtikvöldi tóku þeir þátt í ratleik og skemmtu flestir sér mjög vel. Þá var einnig haldin skemmtun í Njarðvíkurskógi þar sem farið var í leiki, boðið upp á pylsur og sungið. Nýnemakosningar voru haldnar snemma á önninni þar sem nýnemum gafst kostur á að bjóða sig fram í nefndir félagsins. Einungis nýnemar höfðu atkvæðarétt í þessum kosningum.

Þrjú böll voru haldin á árinu. Nýnemaball var haldið í Stapanum um miðjan september og kúreka þemaball var haldið í nóvember. Árshátíðarball var svo haldið í maí. Böllin fóru vel fram og nemendur skemmtu sér vel. Þátttaka í „edrúpotti“ var nokkuð góð. Því miður kom upp bilun í áfengismæli á árshátíðarballi og því komust færri að en vildu. Þantaðir hafa verið tveir nýjir mælar og vonumst við til að með því verði hægt að stytta raðir í edrúpottinn og þannig auka þátttöku. Árshátíðarkvöldverður var að þessu sinni haldinn í matsal skólans. Skreytinganefnd skreytti matsalinn glæsilega og Bruno kokkur eldaði dýrindismáltíð.

Skemmtikvöld voru haldin nokkrum sinnum á árinu. Þar voru sýnd myndbönd frá Hnísunni, keppt í lazertag, og haldnar spurningakeppnir og bingó svo fátt eitt sé nefnt.

Þá voru haldnar nokkrar þemavikur yfir árið. Haldin var íþróttavika með ýmsum íþróttatengdum viðburðum. Þema var í klæðnaði, haldnar keppnir og nemendur kepptu í körfubolta á móti kennurum. Jólavika var haldin í lok nóvember og byrjun desember. Þar voru sýndar jólamyndir, boðið upp á kakó, keppt í piparkökuhúsaskreytingum og haldinn jólaþeysudagur. Í þeirri sömu viku var haldin útvarpsvika og mátti heyra nokkra skemmtilega þætti. Í Valentínusarviku bauðst nemendum að kaupa og senda hver öðrum súkkulaðihúðuð jarðarber. Stórt bingó var haldið í vikunni þar sem vinningarnir komu frá versluninni Blush.

Bleikum degi var fagnað nokkrum dögum fyrir hinn hefðbundna bleika dag en það var vegna vetrarfrís í skólanum. Nemendur og kennarar voru duglegir að mæta í bleikum fatnaði, boðið var upp á vöffur með bleikum rjóma og trúbador kom og spilaði fyrir nemendur í matsal skólans.

Í febrúar var söngkeppnin Hljóðneminn haldin en öll umgjörð var hin glæsilegasta. Átta keppendur tóku þátt og buðu upp á mjög fjölbreytt og skemmtileg atriði. Eftir skemmtilega keppni var það Bergsveinn Ellertsson sem fór með sigur af hólmi. Hann söng hið sígilda lag I Don't Want to Talk About It eftir Danny Whitten með sannkölluðum glæsibrag. Bergsveinn var því fulltrúi skólans í Söngkeppni framhaldsskólanna og stóð sig með glæsibrag.

Lið skólans stóð sig prýðilega í mælsku- og rökræðukeppni framhaldsskólanna, Morfís. Okkar tapaði naumlega fyrir Menntaskólanum á Akureyri í 8 liða úrslitum en keppnin var á sal FS. Lið skólans keppti að sjálfsögðu í Gettu betur en féll út í fyrstu umferð gegn Fjölbrautaskóla Vesturlands á Akranesi. Okkar fólk stóð sig með prýði en urðu að jata sig sigruð.

Í mars var haldin risastór góðgerðavika. Þar var boðið upp á alls kyns skemmtilega viðburði. Kennarar og formenn nemendafélagsins fórnúðu sér í rjómakast þar sem nemendur borguðu fyrir þau forréttindi að fá að kasta rjóma í fórnarlömbin. Alls kyns áheiti voru gefin og tóku bæði nemendur og starfsfólk þátt. Þá voru haldnir stórir góðgerðatónleikar í Bergi í Hljómahöll. Tónleikarnir voru haldnir í samstarfi við Fjörheima og Ungmennaráð Reykjanesbæjar. Margir af fremstu tónlistarmönnum þjóðarinnar komu fram og allir gáfu vinnu sína. Í góðgerðarvikunni söfnuðust 1.350.000 krónur sem runnu til Grindvíkinga í gegnum Rauða krossinn og Hjálparstarf kirkjunnar þar í bæ.

Tvö Vizkustykki voru gefin út á árinu. Umtalað var hversu flott blöðin hefðu verið. Þykk og innihaldsrík og mun veglegri en síðustu ár. Auk þess voru sýnd tvö ný myndbönd frá Hnísunni og nýtt lag frumflutt á árinu.

Sú nýlunda var tekin upp á árinu að veita NFS leyfi fyrir nemendur sem voru að starfa fyrir nemendafélagið. Fram að þessu höfðu nemendur oft þurft að taka á sig fjarvistir úr kennslustundum ef þeir þurftu að vinna að nemendamálum. Félagslífsfulltrúi bjó til leyfisbréf sem nemendur þurftu að fara með til kennara sinna og fá samþykki fyrir því að taka sér frá úr tíma. Á þennan hátt var einnig hægt að passa upp á að vinnu væri dreift og fjarvistir kæmu ekki alltaf niður á sömu nemendur og jafnvel alltaf í sama faginu. Þessu nýja kerfi var vel tekið og kunnum við kennurum hinar bestu þakkir fyrir samvinnuna.

Undir lok apríl voru haldnar vorkosningar til stjórnar NFS fyrir skólaárið 2024-2025. Kosningar þetta vorið voru mjög áhugaverðar. Sjálfkjörið var í embætti formanns og gjaldkera en þar barst aðeins eitt framboð í hvort embætti. Nýja aðalstjórn skipa eftirfarandi nemendur:

- Formaður: Hermann Borgar Jakobsson
- Varaformaður: Kári Kjartansson
- Framkvæmdastjóri: Björn Ólafur Valgeirsson
- Gjaldkeri: Kristín Embla Magnúsdóttir
- Markaðstjóri: María Rán Ágústsdóttir

Kristjana Hrönn Árnadóttir félagslífsfulltrúi tók saman.



Nemendafélagið tók virkan þátt í Bleika deginum.